Hér er um að ræða þrjú skuldabréf, sem tryggð eru miðað við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar, eins og hún var á ýmsum tímum. Reiknað er með vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er í ágúst 1966, 293 stig, og greiðslur af lánunum hækkaðar í samræmi við það, þ. e. þannig:

- a. Skuldabr. útg. 3/9 '65 — vísitala í maí 1965, 237 stig:

Afborgun kr. 166 666.67 hækkar um 39 381.15 (23.6%)  
Vextir — 114 583.33 hækka um 27 074.54 —

Hækkun samtals kr. 66 455.69

- b. Skuldabr. útg. 24/11 '65 — vísitala í nóv. '65, 267 stig:

Afborgun kr. 229 166.67 hækkar um 22 315.85 (9.7%)  
Vextir — 157 552.12 hækka um 15 342.15 —

Hækkun samtals kr. 37 658.00

- c. Skuldabr. útg. 6/8 '65 — vísitala í des. 1964, 220 stig:

Afborgun kr. 225 000.00 hækkar um 74 659.09 (33.2%)  
Vextir — 157 875.00 hækka um 50 394.88 —

Hækkun samtals kr. 125 053.97

Hækkun greiðslna af þessum þrem lánunum nemur því kr. 229 167.66 og er öll talin með vaxtagreiðslunni á 7. grein.

Um 8. gr.

Heildarkostnaður við æðstu stjórn landsins er áætlaður 3359 þús. kr. Heildarhækkun á greininni er 653 þús. kr. eða 24%.

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður og kostnaður við yfirskoðun ríkisreikninga er áætlaður 36.8 m. kr. Af þeirri fjárhæð eru 16.9 m. kr. þingfararkaup alþingismanna, 4.5 m. kr. laun starfsmanna þingsins, 4 m. kr. útgáfukostnaður Alþingistíðinda og önnur prentun í þágu Alþingis, og 3.2 m. kr. halli á lífeyrissjóði alþingismanna.

Heildarhækkun á þessari grein er áætluð um 9 m. kr., eða 37.8% frá fjárlögum 1966. Halli á lífeyrissjóði var ekki talinn í áætlun 1966, svo að hækkun sambærilegra liða er 21.7%.

Um 10. gr.

I. *Stjórnarráðið*. Heildarkostnaður við stjórnarráðið er áætlaður 58 265 þús. kr., sem er tæplega 12 m. kr. hækkun frá gildandi fjárlögum, eða nær 25%.

Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsliði ráðuneytanna, að öðru leyti en því, að í forsætis- og menntamálaráðuneytinu fjölgar um bókara og sérfræðing, sem ætla að vinna að rannsóknum á íslenska skólakerfinu, auk þess sem í viðskiptamálaráðuneytinu fjölgar um ritara og viðskiptaráðunaut á hálfum launum, og í fjármálaráðuneyti er gert ráð fyrir embætti hagsýslustjóra.

Óhjákvæmilegt hefur reynzt að hækka framlag til Efnahagsstofnunar um nær 640 þús. kr., vegna vaxandi verkefna stofnunarinnar, m. a. vegna starfa hennar að byggðaáætlunum og starfa í þágu Atvinnujöfnunarsjóðs og Hagráðs. Gert er ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til greiðslu kostnaðar við störf Hagráðs, 100 þús. kr.

Ýmis kostnaður ráðuneytanna hækkar úr 7 m. kr. í 9 m. kr. Hækkunin er óhjákvæmileg, enda hefur þessi liður verið vanáætlaður í fjárlögum um langt árabil.

Loks er gert ráð fyrir fjárveitingu, 1,5 m. kr., til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsi, ráðherrabústað og Arnarhvoli. Hækkun á liðnum er 830 þús. kr. Hér er um að ræða viðhaldsvinnu, sem dregið hefur verið óhæfilega að vinna og er nauðsynleg til að forða þessum húsum frá skemmdum.

II. *Utanríkismál (utanríkisráðuneyti)*. Heildarkostnaður við sendiráð Íslands erlendis og annar kostnaður utanríkisráðuneytisins, sem beinlínis leiðir af skiptum Íslands við önnur ríki, er samtals áætlaður 36 571 þús. kr. Hækkun frá fjárlögum 1966 er 5 480 þús. kr. eða 17,6%. Í þessari hækkun munar mest um rúmlega 1400 þús. kr. hækkun kostnaðar við sendiráð Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, sem stafar af greiðslu af stuttu láni vegna kaupa á ambassadorsbústað.

Þá eru teknir upp tveir nýir liðir, til þátttöku í kostnaði í gerð fræðslukvikmyndar um Ísland, 775 þús. kr., og til kaupa á 1000 eintökum af tímaritinu *Iceland Review* til dreifingar erlendis, 234 þús. kr. Aðrar breytingar á þessum lið gefa ekki ástæðu til sérstakra skýringa.

Auk þessa er gert ráð fyrir tveimur nýjum fjárveitingum til kaupa á tækni-búnaði fyrir utanríkisráðuneytið, telex-tæki, sem er mikilvægt vegna sambands við sendiráðin, kr. 500 þús., og túlkunarútbúnað, til þess að unnt sé að koma við samtímis túlkun á ráðstefnum, sem hér eru haldnar, kr. 210 þús.

III. *Tillög til alþjóðastofnana*. Heildarfjárhæð tillaga til alþjóðastofnana er áætluð 12 690 þús. kr., sem er rúmlega 440 þús. kr. lægri fjárhæð en í fjárlögum ársins 1966. Nokkur hækkun er á framlögum Íslands til Sameinuðu þjóðanna, til FAO, til Evrópuráðsins, til tækniástoðar Sameinuðu þjóðanna, til Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og til bráðabirgða-aðildar að GATT. Framlag til þátttöku í heimssýningu í Kanada 1967 er áætlað 4 m. kr., en var í fjárlögum ársins 1966 1,5 m. kr.

Á hinn bóginn falla út af þessum lið viðbótarframlag til Sameinuðu þjóðanna, sem var 3,4 m. kr., framlag til „World Food Program“ á vegum FAO, 215 þús., og fáeinir smærri liðir.

Um 11. gr. A.

*Dómgæzla og lögreglustjórn (dómsmálaráðuneyti)*.

Áætluð útgjöld *Hæstaréttar* eru rúm. 4 m. kr. eða 17,2% hækkun frá fjárlögum 1966.

Áætluð útgjöld vegna embættis saksóknara ríkisins eru 3344 þús. kr., sem er 29,7% hækkun frá fjárlögum 1966. Gert er ráð fyrir fjölgun starfsliðs um 1 ritara vegna vaxandi verkefna embættisins.

Útgjöld *borgardómaraembættisins í Reykjavík* eru áætluð nær 6 m. kr., sem er allveruleg hækkun frá fjárlögum ársins 1966, eða um 41,5%. Af nokkru

stafar þetta af aukningu starfskrafta, sem svarar hálfum launum fulltrúa, en mestmegnis stafar hækkunin af því, að embættið flytur um næstu áramót í nýtt húsnæði, sem er allmiklu stærra og dýrara en það ófullnægjandi húsnæði, sem embættið hefur búið við undanfarin ár. Hækkun á fjárveitingu til húsa-leigu, ljóss, hita og ræstingar er 770 þús. kr., í 1335 þús. kr.

Kostnaður við rekstur *borgarfégetaembættisins í Reykjavík* er áætlaður 4657 þús. kr., sem er 37.6% hækkun frá árinu 1966. Gert er ráð fyrir fjölgun starfskrafta um 1 fulltrúa í 22. launaflokki, og auk þess er gert ráð fyrir 300 þús. kr. hækkun á „öðrum kostnaði“, aðallega vegna endurnýjunar á húsmunum og vélum embættisins, en innbúið er orðið mjög úr sér gengið.

Kostnaður *sakadómaraembættisins í Reykjavík* er áætlaður 8539 þús. kr., sem er 27.1% hækkun frá fyrra ári. Starfskröftum er fjölgað um 1 ritara, vegna vaxandi verkefna sakadómara, auk þess sem gerðar eru tilfærslur á launum skrifstofustjóra og fulltrúa í samræmi við niðurstöðu síðasta Kjaradóms.

Kostnaður *lögreglustjóraembættisins í Reykjavík* er áætlaður 4996 þús. kr., sem er 37.5% hækkun frá fjárlögum ársins 1966. Hækkunin á sér stað á liðnum aukavinna, ljós, hiti og ræsting og húskostnaður og öðrum kostnaði. Að nokkru stafar þessi kostnaður af kaupum á bókhaldsvél, húsgögnum og áhöldum og viðbótarkostnaði vegna flutnings í nýju lögreglustöðina. Að öðru leyti verður þessi hækkun skýrð með því, að hinn eiginlegi kostnaður lögreglustjóraembættisins undanfarin ár hefur iðulega verið hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir og greiddur umfram fjárveitingu.

Kostnaður *lögreglustjóraembættisins á Keflavíkurflugvelli* er áætlaður 2.3 m. kr., sem er rúmlega 40% hækkun frá árinu 1966, ástæðan til hækkunarinnar er sérstök fjárveiting um 300 þús. kr. vegna viðgerðar á hitakerfi og malbikun á bilastæðum við lögreglustöðina.

Heildarkostnaður við *embætti sýslumanna, bæjarfégeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar* er áætlaður 38 157 þús. kr. Hafa þá verið dregnar frá útgjöldunum tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins upp í skrifstofukostnað embættanna vegna þeirrar þjónustu, sem þau veita stofnuninni. Heildarhækkun á liðnum er 32.1%. Hækkun umfram venjulegar hækkanir stafar af fjölgun skrifstofufólks um innheimtumann á Ísafirði, fulltrúa á Akureyri og ritara í Hafnarfirði. Auk þess er hálfu starfi sýsluskrifara á Seyðisfirði breytt í stöðu fulltrúa. Tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins eru hækkaðar úr 6 m. kr. í 6.5 m. kr. eða 8.3%, og þótti ekki fært að gera meiri hækkun á þessum lið, vegna þess hversu mikið hann var hækkaður á árinu 1966.

*Laun hreppstjóra* gefa ekki ástæðu til athugasemda.

Heildarútgjöld vegna *rikislögreglu í Reykjavík* eru áætluð 15 114 þús. kr., sem er 34% hækkun frá fjárlögum 1966. Mikill hluti þessarar hækkunar stafar af launahækkunum lögregluþjóna, sem almennt færðust upp um einn launaflokk við síðasta Kjaradóm. Þar að auki hækkar allmikið kostnaður vegna afleysinga í sumarleyfum, sem hafði verið vanáætlaður áður. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun í rikislögreglunni í Reykjavík.

Kostnaður *rikislögreglunnar á Keflavíkurflugvelli* er áætlaður 8433 þús. kr., sem er 23.6% hækkun. Laun lögregluþjóna hækka á sama hátt og í rikislögreglu í Reykjavík auk þess sem upp er tekin staðaruppbót fyrir rikislögreglumenn á Keflavíkurflugvelli, sem láðist að taka inn í áætlun síðasta árs. Heildarhækkun á liðnum er þó ekki nema 23.6%, vegna þess að útgjöld vegna vaktáalaga, helgidagauppbóta, einkennisfatnaðar og fleira standa í stað eða hækka óverulega í samræmi við reynslu.

Kostnaður ríkisins vegna *löggæzlu vegna sérstakra aðstæðna*, samkv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 56/1963, er áætlaður 1850 þús. kr., sem er rúmlega 23% hækkun frá fyrra ári. Ekki er gert ráð fyrir aukinni löggæzlu undir þessum

lið heldur svipaðri gæzlu og verið hefur á Siglufirði, Raufarhöfn, Seyðisfirði og Neskaupstað auk umferðarlöggæzlu í Kópavogi.

Áætlaður hluti ríkissjóðs í *lögreglukostnaði i Reykjavík* er 18 m. kr. Framlagið hækkar um 30% frá fjárlögum ársins 1966. Hér er um að ræða lögbundna hlutdeild í kostnaði við borgarlögregluna í Reykjavík, og hafa flokkahækkunar lögregluþjóna sömu áhrif þar og flokkahækkunar ríkislögreglunnar í Reykjavík.

„*Ýmis annar löggæzlukostnaður*“ er áætlaður 25 m. kr. Þessi liður hækkar mjög verulega eða 49.7%. Þessi kostnaður er hlutdeild ríkissjóðs í löggæzlukostnaði í kaupstöðum utan Reykjavíkur og í fastalöggæzlu í sýslum og hreppum landsins. Að nokkru stafar hækkunin af því, að fjárveitingar síðustu ára hafa reynzt ónógar til að fullnægja lagaskyldu ríkissjóðs um greiðslu löggæzlukostnaðar og kostnaður þannig fluttur milli ára. Áætlað er, að sú fjárveiting, sem hér er gerð tillaga um, nægi til að greiða að fullu gjaldfallnar kröfur á árinu 1967.

Fjárveiting til *löggæzlu i sveitum* er áætluð 2.3 m. kr., sem er 15% hækkun frá fyrra ári. Hér er um að ræða aðallega löggæzlu í sambandi við samkomur í sveitum. Fjárveitingin hefur verið rifleg undanfarin ár, en dómsmálaráðuneytið væntir aukinna útgjalda ríkissjóðs til þessara þarfa.

Samanlagður lögreglukostnaður ríkissjóðs er þannig áætlaður 70 697 þús. kr., sem er 35.6% hærra en gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins 1966.

Heildarframlag úr ríkissjóði til *hegningarhúsa og vinnuhæla* er áætlað 10 320 þús. kr. Er þá undanskilið framlag til byggingar fangahúsa og til fangahjálpar. Kostnaður ríkissjóðs af *hegningarhúsinu i Reykjavík* er áætlaður 1524 þús. kr., sem er helmingur kostnaðar á móti Reykjavíkurborg. Þessi útgjöld gefa ekki ástæðu til sérstakra athugasemda.

Áætlað framlag úr ríkissjóði til *vinnuhælisins á Litla-Hrauni* er 5970 þús. kr., sem er 55.8% hækkun frá fjárlögum ársins 1966. Það er fyrst til skýringar á þessari hækkun, að reynsla ársins 1966 sýnir, að áætlun fyrir það ár hefur verið algerlega óraunhæf. Er útlit fyrir, að hvort tveggja, áætlun um útgjöld og áætlun um tekjur, reynist rangt, útgjöld hærri og tekjur lægri en gert var ráð fyrir. Hækkun launakostnaðar vinnuhælisins er nokkru meiri en almenn launahækkun, vegna þess að allir starfsmenn hælisins fengu flokkshækkun við síðasta úrskurð Kjaradóms. „Annar kostnaður“ hælisins hækkar einnig verulega, bæði vegna þess, að gert er ráð fyrir fleiri vistmönnum en verið hafa á hælina og auk þess vegna hækkunar á verði matvara. Ekki þykir varlegt að áætla tekjur vinnuhælisins hærri en 400 þús. kr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur hafið sérstaka athugun á rekstri vinnuhælisins á Litla-Hrauni, í því skyni að skapa föngum meiri og arðsamari verkefni en þeir hafa stundað við núverandi aðstæður. Hefur ráðuneytið fengið umsögn landnámsstjóra um möguleika á breyttum búskaparháttum að Litla-Hrauni, og eru tillögur hans nú í athugun hjá ráðuneytinu. Er þess ekki að vænta, að slíkar umbætur í rekstri vinnuhælisins segi til sín í lægri tilkostnaði við það fyrr en á árinu 1968. Miðað við þá áætlun, sem hér er lögð til grundvallar, er nettókostnaður ríkissjóðs vegna hvers fanga á dag nær 600 kr. Af þeirri fjárhæð er varzla fullur helmingur.

Útgjöld ríkissjóðs vegna *vinnuhælisins að Kvíabryggju* eru áætluð 1913 þús. kr., sem er 8.1% hærra en fjárveiting ársins 1966. Áætlaður kostnaður á vistmann á dag er þannig kr. 400.00.

Liðirnir „*til byggingar fangahúsa, til greiðslu málskostnaðar, til fangahjálpar, til siglingadóms, laun meðdómsmanna, kostnaður við störf setu- og varadómsara, útgáfa norræns dómasafns og útgáfa lagasafns*“ gefa ekki ástæðu til sérstakra athugasemda.

Fjárveiting til *almannavarna* er ráðgerð 4 m. kr., sem er 46.6% hækkun frá fjárveitingu 1966. Áætlun forstöðumanns Almanna- og almannavarna miðaði við mun hærri

fjárveitingu, eða rúmar 6 m. kr., en ekki þótti fært að verða við þeirri beiðni, frekar en hér er gert. Miðað er við fremur hægfara uppbyggingu aðstöðu og birgða af ýmsum vörum, sem orðið gæti tiltækt, ef náttúruhamfarir eða styrjöld skapa hér neyðarástand.

Heildarkostnaður við *landhelgisgæzlu* er áætlaður 72 425 þús. kr., sem er 17.8% hækkun frá fjárveitingu ársins 1966. Er þá gert ráð fyrir 5 m. kr. tekjum, en áætlun ársins 1966 miðaði við tekjur 3.5 m. kr. Áætlaður rekstrarkostnaður einstakra varðskipa breytist mjög mismunandi. Hækkun rekstrarkostnaðar varðskipans Óðins er áætluð 27%, Þórs 17%, Ægis 22.5% en Alberts 50.2%. Á hinn bóginn er áætlað, að kostnaður við varðskipið Mariu Júlíu lækki um 15.2%, en kostnaður fluggæzlunnar hækki um 8.1%. Ýmis kostnaður í landi er áætlaður að hækka 18.8%. Áætlun Landhelgisgæzlunnar miðast að mestu við óbreytta starfsemi stofnunarinnar með sama flota skipa og flugvéla og verið hefur.

Kostnaður við *Bifreiðæftirlit ríkisins* er áætlaður 7 637 þús. kr. og tekjur jafnháar. Laun hækka um 42.4%, sem stafar af fjölgun um 1 bifreiðæftirlitsmann.

Gert er ráð fyrir óbreyttu eftirliti á vegum með heildartilkostnaði, sem nemur 1 120 þús. kr., sem svarar til 23.3% hækkunar.

Heildarútgjöld við embætti *húsameistara ríkisins* eru áætluð 5797 þús. kr., en tekjur af seldri vinnu 560 þús. kr. Nettóhækkun er áætluð 31.6%. Flokks-hækkunar arkitekta gætir í launakostnaði stofnunarinnar, auk þess sem tekjur hennar eru ekki hækkaðar hlutfallslega við kostnað með hliðsjón af reynslu á árinu 1965.

Heildarfjárveiting til *bindindisstarfsemi* hækkar um 28.6% í 2751 þús. kr. Fjárveiting til *Áfengisvarnarráðs* hækkar um 450 þús. kr. í 1 800 þús. kr., en fjárveiting til *Stórstúku Íslands* um 175 þús. kr. í 625 þús. kr. Við þessar hækkunir er höfð hliðsjón af tillögum millipinganeftdar í áfengismálum. Auk þessa er veittur byggingarstyrkur til templarahlallar hinn sami og á síðasta ári, 400 þús. kr.

Um 11. gr. B.

*Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl. (fjármálaráðuneyti).*

Rekstrarkostnaður *tollstjóraembættisins í Reykjavík* er áætlaður nær 14 m. kr. á árinu 1967, sem er 36.1% hærra en fjárlög 1966 gera ráð fyrir. Hækkun umfram eðlilegar kostnaðarhækkunir stafar aðallega af fjölgun starfsmanna um 6 menn, fulltrúa í 21. launaflokki, tollendurskoðanda í 17. launaflokki, aðstoðargjaldkera í 14. launaflokki, tvo tollritara í 14. launaflokki og skjalavörð í 7. launaflokki. Á þessa miklu aukningu starfsfólks við tollstjóraembættið hefur verið fallizt vegna mjög mikillar fjölgunar á afgreiðslum, sem embættið þarf að sinna. Áætlað er, að afgreiðslufjöldi tollskjala aukist um rösk 11% árið 1966 yfir árið 1965, auk þess sem mjög mikil aukning hefur orðið á afgreiðslum úr geymslum Tollvörugeymslunnar h/f.

Heildarkostnaður við *tollgæzlu* á öllu landinu er áætlaður 32.7 m. kr. árið 1967. Af þessari fjárhæð er ætlað að verja 21.2 m. kr. til tollgæzlu í Reykjavík, 6.3 m. kr. til tollgæzlu á Keflavíkurlugvelli, en rúmum 5 m. kr. til tollgæzlu annars staðar á landinu. Heildarhækkun tollgæzlunnar í Reykjavík er ráðgerð 35.2%, sem aðallega stafar af fjölgun um 3 yfirtollverði, flokkahækkunum tollvarða skv. Kjaradómi, og hækkuðum aukavinnugreiðslum vegna vaxandi innflutnings vara með flugvélu og afgreiðslu þeirra.

Heildarhækkun *tollgæzlunnar á Keflavíkurlugvelli* er áætluð 24.8%, en við *tollgæzlu utan Reykjavíkur og Keflavíkurlugvallar* er hækkunin 53.6%. Er þessi síðast nefnda hækkun talin óhjákvæmileg í því skyni að reyna að stemma stigu við smygli, sem mun eiga sér stað viðs vegar á landinu, þar sem skipakomur erlendis frá eru fremur strjálar.

Heildarkostnaður við *rikisskattanefnd og skattstofur* er áætlaður 35.5 m.

kr., sem er 8 m. kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum ársins 1966. Þessi fjárveiting hefur verið vanáætluð um nokkurra ára skeið. Fjárveitingin var hækkuð allmikið á síðasta ári, en reynslan hefur leitt í ljós, að enn er þörf meiri hækkunar en svarar til almennra kostnaðarhækkana, ef von á að vera til að áætlunin reynist raunhæf.

Kostnaður við *fasteignamat* er áætlaður óbreyttur frá síðasta árs fjárlögum, 10 m. kr. Samkvæmt upplýsingum yfirfasteignamatsnefndar er nú um 80% matsins lokið í sveitum og kaupúnum, en 50% í kaupstöðum. Áætlaðar eftirstöðvar kostnaðar eru um 12.5 m. kr.

Kostnaður við innheimtustofnun, þ. e. *Gjaldheimtu ríkisins og Reykjavíkurborgar*, er áætlaður 4 950 þús. kr., sem er um 27.9% hækkun.

#### Um 11. gr. C.

*Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur*. Áætlað er, að eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnarráðsins og opinberra embætta kosti á árinu 1967 5 200 þús. kr. Hækkunin svarar til tilkostnaðarhækkana á þessum tegundum útgjalda.

#### Um 12. gr.

Liðirnir I—III, landlæknisembættið, héraðslæknar og kostnaður við framkvæmd laga um læknaþátt, þarfnast ekki skýringa.

Nettófjárveitingar til ríkisspítalanna, að meðtöldum Ljósmeðraskóla Íslands og Blóðbankanum, eru áætlaðar 1967 136 860 þús. kr. Kostnaðarhækkun frá fjárlögum ársins 1966 er 52 723 þús. kr., eða um 62.7%.

Þess er að gæta í þessu sambandi, að þessi kostnaðarhækkun verður jafnvel þótt daggjald á Landspítala hafi verið hækkað úr 400 kr. í 500 kr. og samsvarandi á öðrum spítölum, og hallinn á rekstri spítalanna því lækkað að sama skapi.

Til þessara hækkana liggja að sjálfsögðu margar orsakir. Ástæður, sem taka til allra spítalanna, eru þær, að allt hjúkrunarfólk á spítölum fékk flokkshækkun samkvæmt síðasta Kjaradómi, auk þess sem sérsamningar við lækna á öllum þessum spítölum hafa valdið útgjaldaaukningu, sem nemur 14.5 m.kr. á ári.

Í Landspítala er gert ráð fyrir allmikilli aukningu starfsfólks. Að nokkru stafar sú aukning af vaxandi þörf fyrir starfsfólk á þeim deildum, sem fyrir eru í spítalanum í sambandi við stækkun hans, en að nokkru stafar fjölgunin af því að ráðgert er að opna nýjar deildir í spítalanum. Þannig er gert ráð fyrir að bæta við 1 deildarlækni, sem sé sérfræðingur í barnaskurðlækningum, á handlekningardeild og auk þess 1 aðstoðarlækni. Þá er gert ráð fyrir að bæta við lækni hluta úr degi við húðsjúkdómadeild, aðstoðarlækni og eðlisfræðingi með  $\frac{2}{3}$  hlutum launa á röntgendeild, 2 rannsóknakonum á rannsóknadeild, nemanda í föndurkennslu við Barnaspítala Hringisins, aðstoðarmatráðskonu og ráðskonu við skömmtun á „diet“-fæði sjúklinga í eldhúsi. Þá er gert ráð fyrir að bæta við starfsfólki á sjúkra-deildir, aðstoðarforstöðukonu, 4 sérlærðum hjúkrunarkonum, 2 námshjúkrunarkonum, 2 röntgenmyndurum, 12 sjúkraliðum, 2 aðstoðarmönnum og 3 starfsstúlkum. Það er athugandi í þessu sambandi, að jafnframt þessari fjölgun fækkar hjúkrunarnemum, sem að staðaldri verða starfandi við Landspítalann, vegna breytts fyrirkomulags, sem ráðgert er á hjúkrunarnámi, samfara styttingu á því námi.

Þá er gert ráð fyrir, að á árinu 1967 verði opnuð sérstök þjálfunardeild fyrir lamaða og fatlaða sjúklinga við Landspítalann. Þar er gert ráð fyrir að bæta við 14 manns til vinnu, yfirlækni, aðstoðarlækni I, 7 sjúkráþjálfurum, 2 vinnuþjálfurum og 5 aðstoðarmönnum og starfsstúlkum.

Þá er gert ráð fyrir að opna svonefnt „ambulatorium“, sem er deild, þar sem sjúklingar, sem verið hafa á spítalanum, fá eftirmeðferð og eftirlit, sem talið er nauðsynlegt að lokinni meðferð á spítalanum sjálfum. Ráðgert er að við þetta „ambulatorium“ starfi 2 hjúkrunarkonur að fullu og 1 að hálfu og auk þess 7 manns við aðstoðarstörf, störf ritara, bókara og gjaldkera og við móttöku sjúklinga.

Til sérstakra tækjakaupa til Landspítalans eru veittar 4 m.kr. Rúmur helm-ingur þeirrar fjárhæðar er ætlaður til að endurnýja röntgentæki, sem orðin eru gömul og úr sér gengin, en eftirstöðvarnar eru ætlaðar til kaupa á ýmsum nauð-synlegum rannsókn- og lækningatækjum.

Beiðni hefur komið fram frá Skrifstofu ríkisspítalanna um, að innréttuð verði í gamla spítalanum sérstök álma með 10 herbergjum, þar sem lækna geti haft starfsaðstöðu í sérherbergjum, sem þeir hvergi hafa í spítalanum, hvorki þeim gamla né viðbyggingunni. Fjárveiting til þessara þarfa er ekki tekin upp í fjár-lagafrumvarp. Þess er að gæta jafnframt, að ekki er gert ráð fyrir tekjum í áætl-uninni af rekstri á „ambulatorium“ eða rekstri þjálfunardeildar fyrir fatlaða og lamaða sjúklinga. Ætla má, að nokkrar tekjur verði af þessari starfsemi, þótt örðugt sé að áætla þær fyrir. Er ráð fyrir því gert við samningu frumvarpsins, að komið verði upp einhverri starfsaðstöðu fyrir lækna, sem nauðsynleg og hæfileg má teljast, ef slíkar ráðagerðir rúmast innan þeirra fjárveitinga, sem Landspítal-anum hér eru ætlaðar.

Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi *Fæðingardeildar Landspítalans*, og gefa fjárveitingar til hennar ekki ástæðu til sérstakra skýringa.

Sama máli gegnir um fjárveitingar til *heilsuhælisins að Vífilsstöðum* og í *Kristnesi*.

Nettófjárveiting til geðveikrahælisins að Kleppi er ráðgerð 19 020 þús. kr., sem er rúmlega 85% hækkun frá fjárlögum ársins 1966. Hækkun útgjalda spítalans er áætluð 42.7%, eða úr 41 m.kr. í 58 m.kr. Gert er ráð fyrir talsverðri starfsmanna-fjölgun, bætt er við 1 yfirhjúkrunarkonu, kennsluhjúkrunarkonu, 11 sjúkraliðum, 6 flokksstjórum, lækna- og lyfjafræðing að hálfu. Þess er að geta, að við til-komu sjúkraliðanna, sem gert er ráð fyrir, fækkar starfsstúlkum og aðstoðar-mönnum á sjúkradeildum að sama skapi. Í „öðrum kostnaði“ er gert ráð fyrir nýjum útgjaldalið, til rannsókna á því, hvernig sjúklingum, sem verið hafa á spítalanum, en útskrifast, hefur reitt af að meðferð lokinni. Er gert ráð fyrir að verja allt að 300 þús. kr. til þessara rannsókna. Annar kostnaður hækkar samtals um tæplega 57% frá fjárlögum ársins 1966. Er í þeirri fjárhæð gert ráð fyrir mjög umfangsmikilli viðhaldsvinnu og endurbótum á sjúkradeildum, auk þess sem gert er ráð fyrir malbikun akvega og hellulagningu gangstíga á lóð spítalans, en synjað hefur verið um fé til þeirra aðgerða um nokkur undanfarin ár.

Fjárveiting til *fávítahælis í Kópavogi* er ráðgerð 3 288 þús. kr., sem er um 1 m.kr. hærrí nettófjárveiting en á árinu 1966. Gert er ráð fyrir fjölgun starfs-manna um 5, aðstoðarlækni, félagsfræðingi að hálfu, kennara, yfirhjúkrunarkonu og ritara. Auk þess er gert ráð fyrir umsaminni aðstoð 7 sérfræðinga í hinum ýmsu greinum læknisfræði. Gert er ráð fyrir 54 þús. dvalardögum á hælínu, sem svarar til um 145—150 vistmanna allt árið.

Fjárveiting til *Holdsvæikraspítalans í Kópavogi* þarfnast ekki skýringa.

Fjárveiting til *Ljósmæðraskóla Íslands* hækkar úr 710 þús. kr. 1966 í 1 044 þús. kr. Hækkunin stafar meðal annars af lengingu skólatíma og þar með fjölgun nemenda.

Nettófjárveiting til *Blóðbankans* er ráðgerð 1 015 þús. kr. í stað 766 þús. kr. í ár. Útgjöld hækka um 880 þús. kr., en tekjur um 630 þús. kr. Gert er ráð fyrir fjölgun starfsmanna um 1 hjúkrunarkonu og „laborant“, auk þess sem gæzluvaktir og vaktaálag hækka verulega. Ástæðan er sú, að gert er ráð fyrir mjög aukinni starfsemi Blóðbankans við stækkun Landspítalans og við það að Borgarsjúkrahúsið verður tekið í notkun.

Heildarútgjöld *Rannsóknarstofu háskólans* eru áætluð 11 549 þús. kr., en tekjur 4 855 þús. kr., þannig að nettóútgjöld úr ríkissjóði eru áætluð 6.7 m.kr., sem er nálægt 46% hækkun. Það er athugandi í sambandi við þessa hækkun, hversu viðbótarkostnaður vegna sérsamninga við lækna vegur þungt í útgjöldum þessarar stofnunar, þar eð starfandi eru 8 lækna á rannsóknarstofunni.



*Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa* samkvæmt lögum hækkar úr 9.6 m.kr. í 11.5 m.kr., og rekstrarstyrkur til St. Jósefsspítalans í Reykjavík, St. Jósefsspítalans í Hafnarfirði og St. Franziskusspítalans í Stykkishólmi hækkar í svipuðu hlutfalli í 3 450 þús. kr. Byggingarstyrkur til St. Jósefsspítalans í Reykjavík hækkar hlutfallslega nokkru meira, eða í 3 300 þús. úr 2 360 þús. kr.

Styrkir til *heilsuverndarstöðva í kaupstöðum* hækka samtals um 1 436 þús. kr. Megnið af hækkuninni, eða nær 1 300 þús. kr., stafar af hækkuðu framlagi til heilsuverndarstöðvar í Reykjavík. Miðast áætlunin við nokkuð aukna starfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur.

Styrkur til *byggingar sjúkrahúsa og sjúkraskýla*, annarra en ríkissjúkrahúsa og læknisbústaða, er áætlaður 22 385 þús. kr., sem er 4 m.kr. hærri fjárhæð en veitt er í fjárlögum ársins 1966.

Fjárveiting til læknisvitjanasjóða fellur niður og sömuleiðis kostnaður vegna undirbúnings reglna um meðferð, notkun og eftirlit eiturefna.

Styrkur til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis, er hækkaður úr 300 þús. kr. í 500 þús. kr.

Að öðru leyti þarfnast fjárveitingar samkv. 12. gr. ekki sérstakra skýringa.

Um 13. gr. A.

*Vegamál.* Liðurinn til nýbýlavega fellur niður, en í hans stað kemur fjárveiting, til lagfæringar á bílastæðum við fjölsóttu ferðamannastaði, 200 þús. kr. Er þessi fjárveiting ætluð til lagfæringa á stöðum, sem eru utan þjóðvegakerfisins.

Um 13. gr. B.

*Samgöngur á sjó.* Gert er ráð fyrir 5 m.kr. hækkun á fjárveitingu, til að mæta greiðsluhalla Skipaútgerðar ríkisins á árinu 1967, í 29 m.kr. Greiðsluhalli Skipaútgerðarinnar árið 1965 nam mun hærri fjárhæð en þetta, rúmum 40 m.kr. Ætla má, að afkoma útgerðarinnar á árinu 1966 verði nokkuð betri, en hallinn verði engu að síður á bilinu 30 til 40 m.kr. Allur rekstur Skipaútgerðarinnar hefur nú um allangan tíma verið í gagngerri athugun. Von er til, að ýmsar breytingar, sem af þeirri athugun leiðir, lækki greiðsluhallann niður í það, sem hér er ráðgert.

Fjárveitingar til flóabáta og vöruflutninga og til byggingar flóabáta fyrir far-svæði Djúpbáts og Breiðafjarðarbáts eru ráðgerðar óbreyttar frá fjárlögum ársins 1966.

Um 13. gr. C.

*Vitamál og hafnargerðir.* Stjórn og undirbúningur *vita- og hafnarmála*, laun vitavarða og rekstrarkostnaður vitanna þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því, að nettórekstrarkostnaður vitaskipsins er áætlaður 7 m.kr., eða 1 m.kr. hærri en í fjárlögum ársins 1966.

Fjárveiting til *hafnarmannvirkja og lendingarbóta* er ráðgerð 16.6 m.kr., sem er hin sama og í fjárlögum ársins 1966. Fjárveitingar til *ferjubryggja* og til *Hafnarbótasjóðs* eru sömuleiðis óbreyttar frá fjárlögum 1966.

Fjárveiting til greiðslu á *eftirstöðvum af lögboðnum hluta ríkissjóðsframlags til hafnarframkvæmda* hækkar hins vegar um 10 m.kr., úr 6.4 m. í 16.4 m.kr. Framlag til greiðslna af hafnarlánnum hækkar sömuleiðis úr 16.8 m.kr. í 19.8 m.kr. Samkvæmt upplýsingum *vita- og hafnarmálastjórnar* er útlit fyrir, að ógreitt framlag ríkissjóðs til hafnargerða nemi um næstu áramót 55 m.kr., sem er 17 m.kr. hærri en ógreidd framlög um síðustu áramót.

Loks er veitt lokagreiðsla til endurbóta og viðgerða á dýpkunarskipinu *Gretti*, 1.5 m.kr., sem á sínum tíma var upp tekin í fjárlög til að setja olíukyndingu í skipið.

Um 13. gr. D.

*Flugmál.* Fjárveitingar til starfsemi á vegum flugmálastjórnar þarfnast almennt ekki skýringa. Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi og óbreyttu mannhaldi

frá því, sem var í fjárlögum ársins 1966, að því frátöldu, að við loftferðaeftirlit fjölgar um einn flugumferðastjóra. Tekjur eru áætlaðar að hækka allmikið vegna hækkunar á landingargjöldum. Útgjöld flugmálastjórnar, þegar frá hafa verið dregin alþjóðatillög vegna alþjóðaflugþjónustunnar, eru samtals 53 246 þús. kr., sem er 8575 þús. kr. hærra en í fjárlögum 1966. Nettóútgjöld ríkissjóðs vegna reksturs flugmálastjórnar eru áætluð 27 546 þús. kr., sem er röskum 3.7 m.kr. hærra en í fjárlögum ársins 1966, eða 15.6% hækkun.

#### Um 13. gr. E.

*Veðurþjónusta.* Framlög til veðurþjónustu þarfnast óverulegra skýringa. Fækkað er starfsmönnum í loftskýrtæðild Veðurstofunnar, en á hinn bóginn bætt við veðurfræðingi til starfa í veðurfarsdeild á sviði landbúnaðarveðurfræði. Þessi staða veðurfræðings er stofnuð í framhaldi af tækniástoð frá Sameinuðu þjóðunum á þessu sviði.

#### Um 13. gr. F.

*Ýmis mál.* Gert er ráð fyrir starfsemi *Ferðaskrifstofu ríkisins* í svipuðu horfi og verið hefur. Framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar er ráðgert 396 þús. kr., og að auki lögbundið ríkisframlag til landkynningar skv. lögum nr. 29/1964, kr. 500 þús.

Framlag til Ferðamálasjóðs samkv. lögum hækkar í 1 m.kr. úr 800 þús. kr., en fjárveitingar til starfsemi Ferðamálaráðs hækka í samræmi við tilkostnaðarhækkunarir.

Nettófjárveiting til *Skipaskoðunar ríkisins* er ráðgerð nær 2.5 m.kr. í stað rúml. 1.6 m.kr. fjárveitingar í fjárlögum ársins 1966. Hækkunin stafar að nokkru vegna kaupa á bifreið fyrir umferðarskoðunarmann, en að nokkru af raunhæfari áætlun vegna aukavinnu við stofnunina.

Fjárveitingar til *Stýrimannaskólans* þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því, að fjölgað er um 1 kennara í 18. launaflokkki skv. heimild í lögum nr. 32/1966. Auk þess hækkar kostnaður við námskeið utan Reykjavíkur, vegna þess að í áðurnefndum lögum er kveðið á um ný námskeið af því tagi.

Fjárveitingar til *landmælinga* hækka aðallega vegna þess, að fjölgað er starfskröftum um 1 „tópograf“. Þá færir á lið landmælinga fjárveiting til teikunar jarðfræðikorts, 120 þús. kr., af fjárveitingu til Náttúrugripasafns.

Aðrir liðir þarfnast ekki skýringa.

#### Um 14. gr. A.

*Kennslumál.* Fjárveitingar til *Háskóla Íslands* eru í frumvarpinu mjög verulega hærri en í fjárlögum ársins 1966. Heildarhækkun er rúmar 12 m.kr., eða 51.6% yfir fjárveitingu ársins 1966. Við bætast 4 embætti prófessora, 3 lektorsembætti, 1 lektorsstarf breytist í dósentstarf, og að auki fjölgar dósentum um 6, tannlæknakennurum fjölgar um 2, upp er tekið ½ starf aðstoðarkennara í lífeðlisfræði, og auk þess er bætt við starfslíð fulltrúa á skrifstofu og ritara í bókasafni. Það athugas, að hér eru einungis taldar þær stöður, sem ekki hafði áður verið gert ráð fyrir í launaskrá háskólans. Með þessum hætti hækkar fjárveiting til greiðslu fastra launa við háskólann um 46.5%, í 21 158 þús. kr.

Af öðrum breytingum á fjárveitingum til háskólans eru þær helztar, að fjárveiting til tannlæknastofu hækkar nálægt 800 þús. kr., fjárveiting til rannsóknastofu í lyfjafræði hækkar úr 15 þús. kr. í 245 þús. kr. til að taka upp rannsóknir á því sviði, fjárveiting til stundakennslu hækkar um 1 600 þús. kr. og fjárveiting til bókaupa fyrir háskólabókasafn hækkar úr 400 þús. kr. í 700 þús. kr.

Þá eru teknir upp nýir liðir, framlag til rannsóknastofu í lífeðlis- og lífefnafræði, 500 þús. kr., og til búnaðar í kennslustofum og fyrirlestrastofum, 500 þús. kr.

Nettófjárveiting til *Tilraunastofu háskólans að Keldum* hækkar úr 491 þús. kr. í 932 þús. kr. Mjög verulegar hækkanir eru gerðar frá fjárlögum ársins 1966 á „öðrum kostnaði“ og tekjum, enda hafa þessar tölur verið óeðlilega lágar í fjárlögum.

Fjárveiting til *Raunvísindastofnunar háskólans* hækkar um 3 m.kr. í 6 m.kr. Raunvísindastofnun hefur nú tekið til starfa fyrir alvöru í samræmi við reglugerð, sem stofnuninni hefur verið sett. Er þar gert ráð fyrir 4 deildum, einni, sem vinni að rannsóknum í stærðfræði og teoretiskri eðlisfræði, annarri í eðlisfræði, hinni þriðju í efnafræði og hinni fjórðu í jarðeðlisfræði. Þess er að gæta í sambandi við hækkun þessarar fjárveitingar frá fjárlögum, að fjárveiting til stofnkostnaðar raunvísindastofnunar samkvæmt 20. gr. Út lækkar jafnframt úr 3.2 m.kr. í 1.5 m.kr.

Framlag til *Reiknistofnunar háskólans* er ráðgert 400 þús. kr. í stað 250 þús. kr. á árinu 1966.

Fjárveitingar til *Handritastofnunar Íslands* gefa ekki tilefni til sérstakra athugasemda.

Framlög til *styrktar íslenzkum námsmönnum* eru ráðgerð nær 21 m.kr. á árinu 1967 í stað 15 m.kr. á árinu 1966. eru þessi framlög í samræmi við frumvarp til laga um lánasjóð íslenzkra námsmanna, sem ríkisstjórnin hyggst leggja fyrir Alþingi.

Fjárveiting til rekstrar *fræðslumálastjóraembættisins* gefur ekki tilefni til athugasemda, að öðru leyti en því, að upp er tekið til viðbótar fyrri starfskröftum ½ starf fulltrúa á skrifstofunni.

Upp er tekinn nýr liður, kostnaður vegna *fræðilegrar rannsóknar á skóla-kerfinu*. Hér er um að ræða rannsókn þá, sem hafin var að tilhlutan menntamála-ráðherra á þessu ári, að nokkru í samvinnu við Efnahags- og framfarastofnunina í París.

Fjárveitingar til *Menntaskólans í Reykjavík* gefa ekki tilefni til sérstakra athugasemda. Ráðgert er að nemendafjöldi næsta skólaár verði hinn sami og síðasta ár, þannig að hinn nýi menntaskóli við Hamrahlíð taki við fjölgun, sem verður á árinu. Árskostnaður á nemanda á árinu 1967, miðað við nemendafjölda síðasta skólaárs, er 18 250 kr.

Fjárveitingar til *Menntaskólans á Akureyri* gefa ekki tilefni til sérstakra athugasemda, að því frátöldu, að tveir fastir kennarar bætast við kennaraliðið samkvæmt heimild í lögum. Árskostnaður á nemanda, miðað við sömu forsendur og áður voru gefnar, er 18 700 kr.

Við *Menntaskólann á Laugarvatni* fjölgar um 1 fastan kennara, en að öðru leyti gefa fjárveitingar ekki ástæðu til athugasemda. Árskostnaður á nemanda, enn miðað við sömu forsendur og áður, er 29 060 kr.

Upp er tekin í fyrsta sinn fjárveiting til *menntaskóla við Hamrahlíð í Reykjavík*. Heildarkostnaður er áætlaður 5.6 m.kr. Er þess að gæta í því sambandi, að skólinn mun taka til starfa þegar á þessu hausti, og 1 160 þús. kr. af ráðgerðri fjárveitingu er greiðsla rekstrarkostnaðar skólans til áramóta 1966. Þrátt fyrir það er kostnaður á bekkjardeild við skólann allmiklu hærri en í Menntaskólanum í Reykjavík. Munar þar mestu, að gert er ráð fyrir nauðsynlegum kaupum bóka og kennsluáhalda til skólans, alls 900 þús. kr., auk þess sem gert er ráð fyrir 6 bekkjardeildum í skólanum einsetnum á komandi vetri, sem raskar samanburðargrundvelli við Menntaskólann í Reykjavík. Rétt þótti að taka upp tillögu rektors um 60 þús. kr. fjárveitingu til tilrauna með nýtt námsefni í skólanum.

Við *Kennaraskólann* er gert ráð fyrir fjölgun fastra kennara um 3 í 20. launaflokk og 2 í 18. launaflokk. Stundakennsla við skólann lækkar þess í stað. Þá er gert ráð fyrir að á haustinu 1967 taki til starfa menntadeild við skólann, í samræmi við ný lög um Kennaraskólann, og sömuleiðis framhaldsdeild samkvæmt heimild í sömu lögum. Heildarfjárveiting til skólans er ráðgerð 12.1 m.kr., sem er 28.6% hækkun frá fjárlögum ársins 1966. Hækkuninni veldur aðallega ör nemendafjölgun í skólanum.

Heildarfjárveiting til rekstrar *Tækniskólans* er ráðgerð 3.8 m.kr. Hækkun er 48% yfir fjárlög ársins 1966. Hækkuninni veldur aðallega vaxandi nemendafjöldi skólans. Stundakennsla hækkar af þeim sökum um nálægt 80%. Auk þess eru teknar upp nýjar fjárveitingar, til undirbúnings kennslu í síðari hluta tæknifræðináms, 200 þús. kr., og kostnaður vegna námskeiða fyrir aðstoðarfólk í rannsóknarstofum heilbrigðisstofnana, 150 þús. kr. Árskostnaður á nemanda Tækniskólans árið 1967, miðað við nemendafjölda síðasta skólaár, er ráðgerður 47 þús. kr.

Veruleg breyting verður á starfsemi *Vélskólans* á árinu 1967 í samræmi við lög, sem sett voru á síðasta þingi um starfsemi skólans. Heildarfjárveiting til skólans er ráðgerð um 4.1 m.kr., í stað 2.4 m.kr. fjárveitingar, eða um 69% hækkun. Hækkunin verður aðallega á stundakennslulið, auk þess sem teknir eru upp 2 nýir liðir, annar til greiðslu undirbúningskostnaðar vegna smíðakennslu, 350 þús. kr., og til greiðslu kostnaðar við námskeið utan Reykjavíkur, 300 þús. kr. Sú breyting, sem gerð var með áður nefndum lögum, leiðir meðal annars til þess, að Vélskólinn tekur að sér mótornámskeið þau, sem haldin hafa verið á undanförunum árum á vegum Fiskifélags Íslands. Árskostnaður á nemanda Vélskólans 1967, miðað við nemendafjölda síðasta skólaár, er ráðgerður 47 500 kr.

*Iðnfræðsla*. Áætluð útgjöld vegna iðnskóla eru um 13.7 m.kr. í stað 10.4 m.kr. í fjárlögum ársins 1966. Af hækkuninni stafar um 1 m.kr. vegna skóla utan Reykjavíkur, en um 2.3 m.kr. vegna iðnskólans í Reykjavík. Hér er um að ræða lögbundinn kostnað, sem ekki þykir fært að áætla lægri.

Upp er tekin í þennan lið fjárveiting til *iðnfræðsluráðs*, sem flyzt af 16. gr. C í samræmi við ný iðnfræðslulög. Fjárveitingin er 1 m.kr. í stað 570 þús. kr. 1966.

*Myndlista- og handiðaskóli Íslands* er nú starfandi sem sjálfstæð stofnun samkvæmt lögum nr. 38/1965. Gert er ráð fyrir fjölgun um 2 fasta kennara frá fjárlögum ársins 1966, en að öðru leyti þarfnast fjárveitingar til skólans ekki skýringa.

Heildarframlög úr ríkissjóði til *almennrar barnafræðslu* á árinu 1967 eru ráðgerð 268 561 þús. kr. Þar af eru framlög til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra samtals 62 600 þús. kr. Þess er að gæta í þessu sambandi, að fjárframlög til gagnfræðaskóla í nokkrum kaupstöðum voru talin með framlögum til bygginga barnaskóla í fjárlögum ársins 1966, þannig að heildartölur um þessi stofnkostnaðarframlög eru ekki sambærileg milli áranna. Ráðgerðar fjárveitingar í frumvarpinu miðast við óbreytt framlög frá árinu 1966. Gerð er sú breyting á framsetningu fjárveitinga, að ekki er tekin upp sérstök viðhaldskostnaðarfjárveiting til hvers barnaskóla, heldur eru veittar í einni tölu 12.8 m.kr. til viðhalds barnaskóla almennt. Er þessi regla almennt tekin upp í frumvarpinu, og þá til þess ætlazt, að viðhaldsfé verði drýgra, ef unnt er að framkvæma meiri háttar viðhald einstakra skóla í einu lagi, frekar en dreifa því yfir mörg ár. Á þetta öllu frekar við um skóla, sem reknir eru af ríkinu eingöngu, en skóla, sem reknir eru í sameiningu af ríki og sveitarfélögum, en engu að síður þótti rétt að láta breytingu sömuleiðis taka til barna- og gagnfræðaskóla.

Athugun á heildarútgjöldum ríkissjóðs vegna rekstrar einstakra barnaskóla leiðir í ljós, að kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs á árinu 1967, miðað við nemendafjölda á skólaárinu 1965—1966, er 6 700 kr. á nemanda á ári. Kostnaður á nemanda í hinum ýmsu kaupstöðum er mjög mismunandi, allt frá rúmlega 5 400 kr. upp í rúmlega 10 300 kr. Kostnaður í föstum skólum utan kaupstaða reiknast nálægt 8 600 kr., en í farskólum 5 700 kr.

Af þessum lið er felldur niður styrkur til tímaritsins Heimili og skóli, enda er miðað við, að tímaritið fái úthlutun af heildarfjárveitingu til útgáfustarfsemi, sem er að finna í 14. gr. B. fjárlagafrumvarps.

Til *gagnfræðamenntunar* er ráðgert í frumvarpinu að verja 180 954 þús. kr. Af þeirri fjárhæð er ráðgert að veita 38.9 m.kr. til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla. Miðað er við óbreytt framlag frá fjárlögum ársins 1966, en tilfærsla verður milli 14. gr. XII og XIII, samanber athugasemd við framlag til byggingar barnaskóla.

Nokkrar breytingar eru gerðar á liðnum. Miðskóli í Ólafsfirði verður gagnfræðaskóli, sömuleiðis miðskóli í Hveragerði. Upp er tekinn miðskóli í Ólafsvík, í Lundi í Óxarfirði, á Reyðarfirði og Höfn í Hornafirði.

Viðhaldskostnaður héraðsskóla, sem reknir eru af ríkinu eingöngu, er áætlaður 5.8 m.kr. í einni fjárveitingu, og hlutdeild ríkissjóðs í viðhaldskostnaði gagnfræðaskóla er áætluð 5.2 m.kr. Niður er felld fjárveiting til sérfræðilegs ráðunauts um meðferð á skólanemendum með bæklun eða burðargalla. Sömuleiðis eru felldir niður liðirnir til lagfæringar á húsnæði heimavistarskóla vegna gistihúsaahalds og prófkostnaður við mótornámskeið Fiskifélags Íslands.

Athugun á árskostnaði á nemanda í skólum gagnfræðastigsins leiðir í ljós, að meðaltalskostnaður árið 1967, miðað við nemendafjölda síðasta skólaárs, í héraðsskólum, sem reknir eru af ríkinu, er 19 300 kr. Kostnaðurinn er mjög breytilegur, allt frá 14 100 kr. í 23 300 kr.

Hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði á nemanda við gagnfræðaskóla, miðað við sömu forsendur og áður, er ráðgerð að meðaltali 10 700 kr. Lægstur er kostnaðurinn, rúmar 8 500 kr., hæstur 17 200 kr., en næst hæstur 14 500 kr. Við miðskóla er meðalkostnaðurinn ráðgerður 10 900 kr. Lægstur kostnaður í þessum flokki skóla er 8 300 kr., en hæstur 18 700 og 20 300 kr., en ör nemendafjölgun í þeim skólum, sem þar eiga hlut að máli, hlýtur að valda miklu um hinn útreiknaða kostnað við skólana.

Til *húsmæðrafræðslu í kaupstöðum* er ráðgert að veita nær 5.5 m.kr., sem er 24.5% hækkun kostnaðar frá árinu 1966.

Við *Húsmæðrakennaraskólann* er ráðgert að opna sérstaka ráðskonudeild. Áætlaður árskostnaður á nemanda mun vera nálægt 59 þús. kr.

Fjárveitingar til *húsmæðraskólanna í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði* þarfnast ekki skýringa.

Fjárveiting til rekstrar *Hjúkrunarskóla Íslands* er ráðgerð 6 457 þús. kr., sem er 47.4% yfir fjárveitingu ársins 1966. Gert er ráð fyrir fjölgun starfsmanna um 1 matráðskonu og tvær starfsstúlkur í eldhús. Stafar þessi aukning af því, að talið er, að eldhús Landspítalans geti ekki annað allri matseld fyrir heimavist Hjúkrunarskólans, þegar hann stækkar, eins og nú er ráðgert. Er þess vænt, að nemendafjöldi sem næst tvöfaldist á næstu árum. Fæðiskostnaður og annar kostnaður skólans hækkar nokkru meir en svarar til almennra tilkostnaðarhækkana af þessum sökum.

Fjárveitingar til *Íþróttamála* eru ráðgerðar í fjárlagafrumvarpinu 8 130 þús. kr., sem er tæplega 32% hækkun frá fjárlögum ársins 1966. Meginhækkunin verður á framlagi til Íþróttasjóðs, sem hækkar úr 3.4 m.kr. í 5.4 m.kr.

Fjárveiting til *Íþróttakennaraskóla* er ráðgerð 1 543 þús. kr., sem er ívið lægri fjárhæð en í fjárlögum 1966, sem stafar af lækkaðri fjárveitingu til lagningar Íþróttavalla. Ráðgerður árskostnaður á nemanda í skólanum, miðað við nemendafjölda síðasta skólaárs, er um 110 þús. kr.

Niður er felldur liðurinn vegna Evrópumóts í frjálsum íþróttum og til yfirbyggingar sundlaugar á Siglufirði. Á hinn bóginn er tekin upp fjárveiting, 300 þús. kr., *vegna þátttöku í Ólympiuleikum árið 1968*, fyrri greiðsla.

Gert er ráð fyrir svipaðri starfsemi *Heyrnleysingjaskóla* og verið hefur. Þó er vítað um fjölgun nemenda næsta ár og árin þar á eftir vegna faraldurs af „rauðum hundum“, sem gekk hér á landi fyrir fáum árum. Vegna þessa hefur skólastjóri óskað eftir viðbótarkennara, og er gert ráð fyrir þeirri aukningu í frumvarpinu. Veruleg hækkun verður á kaupum starfsstúlkna frá fjárlögum 1966 eða 351 þús. kr. Stafar þessi hækkun að nokkru af óraunhæfri áætlun á liðnu ári, en að nokkru af því, að fallizt er á ráðningu ráðskonu til heils árs, til að tryggja skólanum traustari starfskrafta, heldur en unnt hefur verið með því að ráða starfsstúlkur, einungis frá hausti til vors. Fjárveiting til viðhalds er ráðgerð 915 þús. kr., vegna mjög umfangsmikillar viðgerðar á eldri hluta skólahússins, sem

orðið er mjög niðurnítt. Heildarfjárveiting til skólans er þannig ráðgerð 3.7 m.kr., sem er rúmlega 1.7 m.kr. hærrí fjárveiting en í fjárlögum yfirstandandi árs.

Upp er tekinn nýr liður, *framlag til að styrkja munaðarlausa, vanrækta eða fatlaða unglina til náms*, 100 þús. kr. Sömuleiðis er tekinn upp styrkur til *náms eða hælsvistar stúlkna, sem lent hafa á glapstigum*, 250 þús. kr.

Framlag til *skólaheimilisins Bjargs á Seltjarnarnesi*, sem í fjárlögum 1966 var 1 m.kr., þar af 300 þús. kr. vegna ársins 1965, er látið standa óbreytt í frumvarpinu.

Niður er felld sérstök fjárveiting til Hallgríms Helgasonar, tónskálds, til að safna íslenskum þjóðlögum, enda er miðað við, að slíkir styrkir séu greiddir af almennri fjárveitingu á 14. gr. B fjárlaganna.

Nettóframlag ríkissjóðs til *dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglina*, Breiðavíkurheimilisins, er ráðgert 2 178 þús. kr., sem er tæplega 8% hækkun frá fjárlögum 1966. Áætlaður nettókostnaður á vistdag mun vera tæpar 500 kr.

Niður fellur liður til Snorra Sigfússonar, fyrrv. námsstjóra, vegna starfa við sparifjársofnun í skólum.

Kostnaður við *námsstjóra barna-, gagnfræða- og húsmæðraskóla* hækkar úr 2 048 þús. kr. í 2 998 þús. kr. Fjöldi námsstjóra er óbreyttur, þannig að hækkunin stafar nær eingöngu af mistökum við áætlun launa námsstjóra í fjárlagafrumvarpi ársins 1966.

Fjárveiting til greiðslu kostnaðar við *eftirlit með skólabýggingum* hækkar úr 245 þús. kr. í 1 122 þús. kr. Hækkunin stafar aðallega af því, að gert er ráð fyrir nýjum eftirlitsmanni og verkfræðingi að auki til að efla eftirlit með skólabýggingum.

Fjárveiting til *byggingar félagsheimilis fyrir stúdenta* við Háskóla Íslands hækkar úr 800 þús. kr. í 1 m.kr.

Þá er tekinn upp liður til *endurgreiðslu á láni frá Guðrúnar Brunborg* úr Íslandshússjóði í Osló, 240 þús. kr. Hér er um að ræða lán vegna kaupa á herbergjum til afnota fyrir íslenska stúdenta á stúdentahemili í Osló.

Aðrir liðir í 14. gr. A þarfnast ekki sérstakra skýringa.

#### Um 14. gr. B.

*Til opinberra safna, bókaútgáfu, listastarfsemi o. fl. Í Landsbókasafni* er gert ráð fyrir fjölgun um bókavörð í 20. launaflokki, en að öðru leyti er gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi safnsins. Fjárveiting til bóka-, tímarita- og handritakaupa og til bókbands er hækkuð um 300 þús. kr. í 1 300 þús. kr. Þrem liðum, til að semja og prenta skrá um handrit, til árbókar og til samningar og prentunar íslenzkrar bókaskrár, er rennt saman í einn, til útgáfustarfsemi, 400 þús. kr. Nokkur aukning er ráðgerð á starfsemi myndastofu vegna fyrirhugaðrar varðveislu dagblaða á mjófilmum. Heildarfjárveiting til safnsins er þannig rúmar 5 m.kr., sem er 27.5% hækkun frá fjárlögum ársins 1966.

Fjárveitingar til *Þjóðskjalasafns* þarfnast ekki skýringa, og heldur ekki fjárveitingar til *Þjóðminjasafns*, að öðru leyti en því, að stofnað er hálf starf safnvarðar, sem áður greiddist af ýmsum kostnaði safnsins, sem lækkar að sama skapi.

Niður er fellt framlag til að byggja yfir áraskipið Pétursey.

Fjárveiting til *Fræðslumyndasafns* hækkar nokkuð, aðallega vegna fjölgunar um 1 aðstoðarmann í 10. launaflokki.

Styrkir til *ritstarfa, útgáfustarfsemi og rannsóknastarfa* samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins hækka úr 1 930 þús. kr. í 2.5 m.kr.

Upp er tekið framlag til *norrænnar rannsóknarstöðvar í fræðilegum atómvisindum*, 131 þús. kr., sem er tilfærsla af 16. gr. E, þar eð kjarnfræðimál hafa verið flutt frá atvinnuáráðuneyti til menntamálaráðuneytis.

Upp er tekin *hlutdeild Íslands í rekstrarkostnaði Norræna hússins*, 25 þús. kr.

Fjárveiting til *skálda, rithöfunda og listamanna* er hækkuð úr 3.4 m. kr. í 4 080 þús. kr.

Framlag til *Visindasjóðs* er ráðgert 350 þús. kr. í stað 250 þús. kr.

Upp er tekin fjárveiting til *fræðslustarfsemi á vegum Stjórnunarfélags Íslands*, 100 þús. kr.

Hluti ríkissjóðs í rekstrarkostnaði *Sinfóníuhljómsveitar* lækkar um rösk 18%, vegna ofáætlunar í fjárlögum ársins 1966. Heildarútgjöld *Sinfóníuhljómsveitar* Íslands árið 1967 eru áætluð 13 450 þús. kr., en áætlaðar tekjur af tónleikum 1 200 þús. kr. Halli á rekstri hljómsveitarinnar verður þannig 12 250 þús. kr., sem greiðist að röskum þriðjungi beint úr ríkissjóði, þar af að hluta af skemmtana-skattsálagi og tekjum Viðtækjaverzlunar ríkisins. Að öðru leyti greiðir Ríkisúttvarpið, Borgarsjóður Reykjavíkur og Þjóðleikhúsið hallann.

Gert er ráð fyrir fjárveitingu til *Þjóðleikhússins*, sem nemur 6 290 þús. kr. í stað 1 652 þús. kr. framlags í fjárlögum ársins 1966. Meginhluti þessarar hækkunar stafar af launahækkunum við leikhúsið, sem ekki fást uppi bornar í auknum tekjum, þar eð ekki þykir fært að svo stöddu að hækka verð aðgöngumiða. Þá er tekin upp fjárveiting, 1.7 m.kr., til að endurnýja áklæði á stólum leikhússins.

Framlag til *leiklistarstarfsemi* samkvæmt lögum nr. 15/1965 er ráðgert 1 300 þús. kr. í stað 1 m.kr. í fjárlögum ársins 1966.

Niður er felld fjárveiting til Stúdentaráðs Háskóla Íslands, vegna útgáfu handbókar stúdenta, og sömuleiðis er felld niður fjárveiting til *Iceland Review*, 80 þús. kr., enda er gert ráð fyrir, að á vegum utanríkisráðuneytisins séu eftirleiðis keypt 1000 eintök af ritinu, samanber 10. gr. II fjárlagafrumvarpsins.

Þá eru felldir niður liðir til kaupa á íslenskum bókum og hljómplötum til kennslu við háskólann í Osló, fjárveiting til Nonnahúss á Akureyri og til endurbóta á húsi Bjarna riddara Sívertsen.

Aðrir liðir í 14. gr. B þarfnast ekki skýringa.

#### Um 15. gr.

*Til kirkjumála.* Heildarframlög ríkissjóðs til kirkjumála eru ráðgerð 43.5 m.kr., sem er tæplega 20% hækkun fjárveitingar frá árinu 1966. Hækkunir stafa nær eingöngu af tilkostnaðarhækkunum. Þó eru framlög ríkissjóðs til *Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar* í Hólastifti, vegna framkvæmda við sumarbúðir við Vestmannsvatn í Aðaldal, og til *æskulýðsfélags þjóðkirkjunnar* á Suðurlandi, vegna framkvæmda við sumarbúðir í Skálholti, hækkuð um 100 þús. kr. til hvors, úr 150 þús. kr. í 250 þús. kr. Lagt er til að hækka framlag til *Kirkjubýggingasjóðs* um 500 þús. kr.

Aðrar fjárveitingar gefa ekki ástæðu til sérstakra skýringa.

#### Um 16. gr. A.

*Landbúnaðarmál.* Til *Búnaðarfélags Íslands* eru áætlaðar fjárveitingar, sem nema 11 792 þús. kr., sem er 25% hækkun frá fjárlögum ársins 1966. Er þar með gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi félagsins frá því sem verið hefur.

Heildarútgjöld ríkissjóðs samkvæmt jarðræktarlögum eru áætluð um 80 m.kr., sem er 12.4% hækkun frá árinu 1966. Hér eru að uppistöðu til, þ. e. 70 m.kr., lögbundin framlög vegna jarðræktarframkvæmda og framræslu, sem unnið er að á árinu 1966, en greiðast á árinu 1967. Framlög þessi greiðast með sérstöku álagi, samkvæmt vísitölu, sem Hagstofa Íslands reiknar. Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir nema lítilli aukningu jarðræktarframkvæmda og framræslu, aðallega vegna þess, að veðurfar á þessu ári hefur komið í veg fyrir, að jarðræktarframkvæmdir yrðu eins miklar og annars hefði vænta.

Nokkrir liðir á þessari grein eru felldir niður, þar eð þeir falla eftirleiðis til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, sem færast á 16. gr. E fjárlaganna. Þetta eru

liðirnir til verkfæranefndar, framlög til Tilraunaráðs búfjárræktar og til jarðræktartilrauna.

Framlög til bænda samkv. sérstöku samkomulagi við fulltrúa bænda í Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða, gjöld vegna laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, lokaframlag til kaupa á lokræsaplógi á dráttarvél, framlag til Verðlagsnefndar landbúnaðarafurða, framlög til búfjárræktar og til búfjártrygginga þarfnast ekki skýringa. Meginhluti þessara fjárveitinga er bundinn lögum eða samningum.

Sama máli gegnir um framlög ríkissjóðs samkv. lögum nr. 75/1962 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Heildarframlag samkvæmt þessum lögum er áætlað 50 625 þús. kr., sem er fast lögbundið framlag til landnáms, til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, til íbúðarhúsa á nýbýlum og til ræktunar og framkvæmda á vegum Landnáms ríkisins.

Liðurinn „til samanburðartilrauna með heyverkunaraðferðir“ fellur niður, þar eð þetta verksvið fellur til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Fjárveiting til leiðbeiningar og tilrauna með æðarvarp eftir ráðstöfun Búnaðarfélags Íslands fellur sömuleiðis niður.

Fjárveitingar til *fyrirhleðslna og sjóvarnargarða* eru svipaðar að fjárhæð og er í gildandi fjárlögum.

Fjárveiting til *landgræðslu* er ráðgerð 9.5 m.kr. Hækkun frá árinu 1966 er tæp 17%. Gert er ráð fyrir föstum aðstoðarmanni til viðbótar við þann mannafla, sem landgræðslan hafði áður á að skipa, en auk þess er gert ráð fyrir nokkurri hækkun á fjárveitingum til sandgræðslustöðva og gróðurverndar, til nýrra sandgræðslugirðinga og til áburðardreifingar úr flugvél. Framlag til fræ- og fóðurtilrauna í Gunnarsholti er látið standa óbreytt sem stofnkostnaðarframlag vegna tilrauna með heykögglagerð þar eystra.

Heildarfjárhæð til *skógræktar* er áætluð rúmlega 9.2 m.kr., sem er 28% umfram fjárveitingu síðasta árs. Í þessari fjárhæð eru 600 þús. kr., sem skógræktarstjóri telur fyrirsjáanlegan halla á skógræktinni á árinu 1966. Skógrækt ríkisins óskaði eftir mun hærri fjárveitingum en hér er gert ráð fyrir, til að unnt væri að standa við þá áætlun, sem gerð var fyrir nokkrum árum, að planta í jörð 1.5 millj. plantna á ári hverju. Var ekki talið fært að verða við þeim óskum Skógræktarinnar. Þess ber að geta til upplýsingar, að Skógræktin hefur allmiklu meira fjármagn til ráðstöfunar á ári hverju, en hér kemur fram, eða nær 3 m.kr., sem eru tekjur af merktum vindlingum og tekjur af plöntusölu.

Framlög til *Veiðimálaskrifstofunnar* gefa ekki ástæðu til sérstakra athugasemda, að öðru leyti en því, að upp er tekinn nýr liður til laxamerkinga, kr. 50 þús., sem ætlað er að standa straum af allumfangsmiklum laxamerkingum til að ganga úr skugga um, hvort hin mikla laxveiði við Grænland á haustin og veturna byggist að einhverju leyti á íslenskum laxastofnum.

Styrkir til *fiskræktar* samkv. laxveiðilögum nr. 53/1957 eru látnir standa óbreyttir í fjárlagafrumvarpi frá fjárlögum ársins 1966. Óskir um styrki til fiskræktar og fiskeldis samkvæmt heimildum í laxveiðilögum eru mjög vaxandi, en ekki hefur þótt fært að taka tillit til þeirra óska við samningu fjárlagafrumvarps.

Gert er ráð fyrir 12% aukningu kostnaðar vegna *eyðingar refa og minka* í 2.8. m.kr.

Í fjárveitingum til *dýralækna* er gert ráð fyrir fjölgun um 2 lækna á árinu 1967. Eins og kunnugt er eru mörg embætti héraðsdýralækna óveitt, þar eð dýralæknar hafa ekki verið til. Nú stunda allmargir stúdentar nám í dýralækningum og búast má við, að einhverjir þeirra komi til starfa.

Kostnaður við *sauðfjársjúkdómavarnir* er áætlaður lítið eitt lægri á árinu 1967 en í fjárlögum ársins 1966. Stafar það af því, að aukafjárveiting á árinu 1966 vegna niðurskurðar á fyrra ári lækkar um 1200 þús. kr. Að öðru leyti er hér mestmegnis um að ræða fjárveitingar, sem eru orðnar árvissar, vegna fjárförg-



unar, vegna vörzlu girðinga, vegna lítills háttar nýrra girðinga og viðhalds og endurbóta á eldri girðingum. Þar að auki eru veittar á þessum lið 1750 þús. kr. til rannsóknna á garnaveiki og mæðiveiki, sem stundaðar eru í samvinnu við Tilraunastöð háskólans að Keldum.

Rekstrarútgjöld *bændaskólans að Hólum* eru áætluð 2768 þús. kr., sem er nokkru lægra en fjárveiting ársins 1966 vegna lækkunar á liðnum „til viðhalds og endurbóta“.

Rekstrarkostnaður *bændaskólans á Hvanneyri* er áætlaður 3.5 m.kr. og *Garðyrkjuskólans að Reykjum* 1482 þús. kr.

Miðað við nemendafjölda í þessum skólum síðasta skólaár er rekstrarkostnaður á nemanda að Hólum um 80 þús. kr., að Hvanneyri um 50 þús. kr., en við Garðyrkjuskólann að Reykjum rösklega 120 þús. kr.

Í sambandi við fjárframlög til bændaskólans að Hvanneyri er þess að geta, að nú er unnið að því að koma á fót framhaldsdeild við skólann í samræmi við nýsetta reglugerð um það efni, og mun sú reglugerð valda nokkrum kostnaðarauka við skólann.

Heildarfjárveiting til rekstrarkostnaðar *húsmæðraskóla utan kaupstaða* er ráðgerð 10 817 þús. kr. Þar af eru 2800 þús. kr. til viðhalds á húsnæði skólanna. Gert er ráð fyrir svipaðri starfsemi skólanna og nemendafjölda og verið hefur. Miðað við nemendafjölda síðasta skólaár verður árskostnaður á nemanda nálægt 37 þús. kr. á næsta ári, en nál. 27 þús. kr., ef viðhaldskostnaður er ekki meðtalinn.

Fjárveiting til byggingar húsmæðraskóla í sveitum er óbreytt frá árinu 1966, 4.6 m.kr.

Vakin skal athygli á því, að fjárveiting til viðhaldskostnaðar húsmæðraskóla í sveitum er tekin í einni tölu fyrir alla skólana, en ekki sérstök fjárveiting til hvers skóla fyrir sig. Gegnir hér sama máli og um viðhaldskostnað annarra svipaðra skóla á ríkisins vegum, sem um ræðir í greinargerð með 14. gr. A.

Liðurinn til landþurrkunar á Eyjum í Út-Hjaltastaðapínghá fellur niður, og sömuleiðis vegna hækkunar hlutfjár í Iceland Foodcenter í London.

Upp er tekinn nýr liður til landþurrkunar í Leiðvallahreppi, 50 þús. kr.

#### Um 16. gr. B.

*Sjávarútvegsmál.* Fjárveiting til *Fiskifélags Íslands* er ráðgerð 5710 þús. kr., sem er um 11.6% hækkun frá árinu 1966. Þess ber að gæta í þessu sambandi, að samkvæmt nýsettum lögum falla svokölluð mótornámskeið á vegum Fiskifélags Íslands eftirleiðis undir Vélskólann, og af þeim sökum fellur niður starfsemi Fiskifélagsins á því sviði. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir í þessari fjárveitingu, að Fiskifélagið ráði sérstakan ráðunaut til leiðbeiningar um meðferð, notkun og viðhald fiskleitartækja.

Fjárveiting til *haf- og fiskirannsóknna* er hækkuð um 150 þús. kr. í 2.5 m.kr. Þessari fjárveitingu er ráðstafað af Hafrannsóknastofnun til greiðslu kostnaðar við haf- og fiskirannsóknaleiðangra.

Fjárveiting til *fiskleitar, sildarrannsóknna og veiðitilrauna* er ráðgerð 21 m.kr., sem er nærri 3.4 m. kr. hærrí fjárveiting en í fjárlögum ársins 1966. Gert er ráð fyrir svipaðri sildarleit og verið hefur undanfarin ár, auk þess sem ætlað er að hafa nokkurt fjármagn, eða um 3 m.kr., til fiskleitar og veiðitilrauna.

Lögbundið framlag ríkissjóðs til *Aflatryggingasjóðs* er áætlað 32 m.kr., sem er 3 m.kr. hærra en fjárveiting yfirstandandi árs. Hér er um að ræða lögbundið mótframlag á móti tekjum Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum.

Tekinn er upp sérstakur liður, *stofnfé hinnar almennu deildar togaraflotans í Aflatryggingasjóði*, 2.5 m. kr., en sú fjárveiting hefur áður verið greidd af hinum almenna lið Aflatryggingasjóðs. Þessi greiðsla er sömuleiðis lögbundin samtals til 15 ára.

Fjárveiting úr ríkissjóði til *Fiskveiðasjóðs Íslands* samkvæmt 4. gr. laga frá 13. maí 1966 er áætluð 41 m.kr. Hér er um að ræða, eins og kunnugt er, sams konar framlag úr ríkissjóði og framlag til Aflatryggingasjóðs, þ. e. mótframlag móti tekjum Fiskveiðasjóðs Íslands af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. Þessi útgjöld eru því algerlega háð magni og verðlagi á útflutningsvörum og því mjög erfitt að áætla þau með nokkurri nákvæmni.

Heildarkostnaður ríkissjóðs við *mat á sjávarafurðum* er áætlaður 8.6 m.kr., sem er um 31% hækkun. Aðalhækkunin er á kostnaði við Fiskmat ríkisins, en þar er gert ráð fyrir yfirfiskmatsmanni til viðbótar þeim, sem starfandi voru fyrir samkvæmt fjárlögum 1966. Þá er gert ráð fyrir tvöföldun tillags vegna starfsbindingar 34 fiskmatsmanna við skreiðar- og saltfiskmat. Hér er um að ræða framlag, sem er ætlað til að tryggja menn við matsstörf á skreið og saltfiski. Þetta eru árs-tíðabundin störf og nokkuð slitrótt, og hefur það valdið því, að erfitt hefur reynzt að halda mönnum við þessi störf eins og ástand hefur verið á vinnumarkaði undanfarin ár, auk þess sem mjög lítið hefur verið af því, að nýir menn hafi gefið sig til matsstarfa. Er talið óhákvæmilegt að hækka það framlag, sem ákveðið var á árinu 1961, úr 15 þús. kr. á ári í 30 þús. kr. handa hverjum fiskmatsmanni. Að öðru leyti er gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi fiskmats og sildarmats.

Fjárveiting til að leita að *humar- og rækjumiðum* er hækkuð úr 500 þús. kr. í 750 þús. kr. Þykir nauðsynlegt að hækka þessa fjárveitingu, ekki sízt vegna þess, hversu aukin þekking á rækjumiðum norðan- og vestanlands er mikils virði fyrir ýmis kauptún og kaupstaði á þeim slóðum.

Framlag til *Aflatryggingasjóðs til styrktar útgerð togara* eftir reglum, sem sjávarútvegsráðgjafar hafa settur, er látin standa óbreytt í fjárlögum frá fjárlögum 1966.

Upp er tekin í þennan lið fjárveiting til *aðstoðar við sjávarútveginn*, 80 m.kr. Þessi fjárhæð er hin sama og ráðstafað var með sérstökum lögum til aðstoðar sjávarútveginum á árinu 1966. Er fjárveitingin upp tekin til að ríkissjóður sé því viðbúinn, ef þörf verður sams konar aðstoðar á árinu 1967.

Fjárveiting til *Verðlagsráðs sjávarútvegsins* er hækkuð úr 1 m.kr. í 1680 þús. kr. Þessi fjárveiting er upp tekin samkvæmt áætlun Verðlagsráðsins um sennilegan kostnað við starfsemi ráðsins á árinu 1967. Hin mikla hækkun stafar að nokkru leyti af óraunhæfri áætlun kostnaðarins á árinu 1966.

#### Um 16. gr. C.

*Iðnaðarmál.* Fjárveiting til *Iðnlánasjóðs* samkvæmt lögum hækkar úr 2 m. kr. í 10 m. kr.

Óskir um stórfelldar hækkanir framlaga til *byggingar iðnskóla* í Reykjavík, á Akureyri og í Hafnarfirði hafa ekki verið teknar inn í fjárlagafrumvarp og styrkir til þessara skóla látnir standa óbreyttir frá fjárlögum ársins 1966.

Við *Öryggiseftirlit ríkisins* er gert ráð fyrir fjölgun um 1 umdæmisskoðunarmannt.

Fjárveiting til þess að standa straum af kostnaði við *rannsóknir og undirbúning stóriðju* er látin standa óbreytt til að greiða kostnað, sem fallið hefur til á árinu 1966.

Aðrir liðir þarfnast ekki skýringa.

#### Um 16. gr. D.

*Raforkumál.* Gert er ráð fyrir nettó fjárveitingum til raforkumála, sem nemur rúmum 28.5 m. kr., auk 24.6 m. kr. fjárveitingar til rafvæðingar í sveitum. Er þá gert ráð fyrir hækkun fjárveitinga, sem nemur 2.2. m. kr. til raforkumála, annarra en rafvæðingar í sveitum, og 3 m. kr. til rafvæðingar í sveitum.

Munu þessar fjárveitingar leiða til nokkru minni starfsemi við undirbúningsrannsóknir og áætlanir um nýjar virkjanir og raforkuframkvæmdir en verið hefur á árinu 1966 og árinu á undan.

Gerð er sú skipulagsbreyting á uppsetningu fjárveitinga til raforkumála, að kostnaður við vatnamælingar er uppsettur eins og hann raunverulega er áætlaður á árinu 1967, en undanfarin ár hefur meginhluti kostnaðar við vatnamælingar verið greiddur af liðnum „mælingar og áætlunargerð o. fl.“ undir lið 16. gr. D II 3. Hér er um að ræða fastan árlegan kostnað, sem ástæða þótti til að upplýsa í fjárlagafrumvarpinu sjálfu, hversu miklum fjárhæðum nemur.

Gert er ráð fyrir, að gjöld og tekjur Rafmagnsveitna ríkisins standist á, þannig að ekki komi til greiðslna úr ríkissjóði þeirra vegna umfram framlög til rafvæðingar í sveitum. Er þá gert ráð fyrir tekjum af verðjöfnunargjaldi frá aðilum utan rafmagnsveitnanna, sem nemur 22.5 m. kr.

Í áætlun rafmagnsveitnanna er gert ráð fyrir aukningum, sem samtals nema 95 m. kr., en af því er ráðgert, að 29 m. kr. greiðist af áðurnefndu framlagi til rafvæðingar í sveitum og af heimtaugargjöldum, en 66 m. kr. verði teknar að láni. Þessar tölur koma til endurskoðunar við endanlega gerð áætlunar um opinberar framkvæmdir fyrir árið 1967.

Liðurinn „til virkjunarrannsókna í stórám landsins“, kr. 700 þús., sem verið hefur í fjárlögum mörg ár, hefur verið felldur inn í fjárveitingu til Raforkusjóðs, þannig að heildarfjárveiting til Raforkusjóðs á árinu 1967 er ráðgerð 16 950 þús. kr. Af þeirri fjárhæð er í fjárlögum sjálfum ráðstafað 11 730 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við undirbúningsrannsóknir og áætlanir um nýjar virkjanir og raforkuframkvæmdir og 2.7 m. kr. til vatnamælinga. Með þessum hætti hefur Raforkusjóður til ráðstöfunar af fjárveitingu ársins 1967 rúmlega 2.5 m. kr. til lánveitinga til díselrafstöðva handa bændum. Ásókn í slíkar lánveitingar hefur farið mjög vaxandi hin síðustu ár, frá bændum, sem fyrirjábanlega fá ekki rafmagn frá samveitum í nánustu framtíð.

Fjárveiting til Jarðhitasjóðs er hækkuð úr 7.2 m. kr. í 10 m. kr. Á hinn bóginn er ekki gert ráð fyrir, að Jarðhitasjóður taki fé að láni á árinu 1967, eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 1966. Samkvæmt frumvarpinu verður ráðstöfunarfé Jarðhitasjóðs því 2.4 m. kr. minna á árinu 1967 en það er á árinu 1966. Miðast uppsetning frumvarpsins við, að þessi lækkun komi að mestu fram á „öðrum rannsóknarkostnaði“ jarðhitadeildar, en verði ekki til að minnka jarðboranir í þágu einstaklinga og sveitarfélaga, þar sem Jarðhitasjóður ber hluta kostnaðar í samræmi við ákvæði laga um sjóðinn.

#### Um 16. gr. E.

*Rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl.* Nettóútgjöld ríkissjóðs vegna rannsóknastofnana í þágu atvinnuveganna eru á árinu 1967 áætluð 34.7 m. kr., sem er 44% hærri fjárhæð en á árinu 1966. Þessar tölur segja þó ekki alla sögu, þar eð allmargar fjárveitingar til rannsókna í landbúnaði hafa verið fluttar af 16. gr. A á fjárveitingar til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Þar á móti kemur, að rannsóknastofnanir iðnaðarins og byggingaiðnaðarins hafa fengið sjálfstæða tekjustofna samkvæmt lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna nr. 64/1965, samtals 4.4 m. kr. Heildarhækkun á sambærilegum útgjöldum þessara rannsóknastofnana í fjárlögum ársins 1966 og þessu fjárlagafrumvarpi sýna rúmlega 39% aukningu.

Af þessu má sjá, að fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir verulegri eflingu á rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna á árinu 1967.

Frá fjárlögum ársins 1966 fjölga starfsfólki í Rannsóknastofnun iðnaðarins um 2 sérfræðinga og aðstoðarmann, í Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins um 2 verkfræðinga og aðstoðarmann, í Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins um 2 sérfræðinga og 2 aðstoðarmenn og í Hafrannsóknastofnun um sér-

fræðing og 2 aðstoðarmenn. Í Rannsóknastofnun landbúnaðarins fjölga um 1 aðstoðarmann, og auk þess bætist við sérfræðileg aðstoð, sem svarar  $\frac{1}{4}$  af launum sérfræðings. Í fjárveitingar til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins eru upp teknar fjárveitingar vegna flutnings, kr. 500 þús., en ráðgert er að Rannsóknastofnun landbúnaðarins flytji í nýtt húsnæði að Keldnaholti á miðju ári 1967. Þá eru einnig upp teknar 400 þús. kr. vegna dreifðra tilrauna í búfjárrækt, sem svarar til fjárveitingar á 16. gr. A til Tilraunaráðs búfjárræktar í fjárlögum fyrri ára. Upp er tekinn liður 450 þús. kr. til bú-tæknirannsóknna, sem svarar til fjárveitingar til Verkferanefndar í 16. gr. A, sem var 400 þús. kr. Til jarðræktartilrauna eru sömuleiðis á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins upp teknar röska 3 m. kr., sem svarar til 2.8 m. kr. fjárveitingar til jarðræktartilrauna í 16. gr. A fjárlaga undanfarandi ára.

Allmikil hækkun verður á kostnaði, sem færður er á sameiginlega skrifstofu rannsóknastofnananna, aðallega á liðnum ljós, hiti og ræsting, sem stafar af því að Rannsóknastofnun landbúnaðarins tekur í notkun hið nýja húsnæði sitt. Hefur verið venja, að slíkur sameiginlegur kostnaður sé færður sérstaklega á þessum lið fjárlaganna.

Fjárveiting til Rannsóknaráðs fellur niður í 16. gr. E og færist á 14. gr. B., þar eð Rannsóknaráð heyrir undir menntamálaráðuneyti, samkvæmt hinum nýju lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna nr. 64/1965.

Allmikil hækkun verður á fjárveitingu til *Löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda*, eða úr 566 þús. kr. í 945 þús. kr. Stafar þetta af því, að áætlun liðinna ára hefur verið óraunhæf miðað við gjaldskrá stofnunarinnar, en endurskoðun þeirrar gjaldskrár er nú í athugun.

Framlög til *Verzlunarskóla Íslands og Samvinnuskólans* hafa verið hækkuð um 15%.

Um 17. gr.

#### I. Sveitarstjórnarmál:

Kostnaður við *eftirlit með skipulagi bæja og sveitaborpa* gefur ekki ástæðu til athugasemda, að öðru leyti en því, að nokkrar flokkahækkningar eiga sér stað meðal starfsfólksins samkv. Kjaradómi, auk þess sem áætluð hluttaka ríkissjóðs í kostnaði sveitarfélaga vegna skipulags samkv. skipulagslögum hækkar í samræmi við áætlun skipulagsstjóra. Tekjur skipulagsins eru að venju áætlaðar jafnháar gjöldum.

Framlag til *Bjargráðasjóðs Íslands* hækkar lítillega í samræmi við ákvæði laga þar um.

Framlag til *vatnsveitna* hækkar úr 1.8 m. kr. í 3.8 m. kr. Þrátt fyrir þessa hækkun fjárveitingar má ætla, að styrkhæfar vatnsveituframkvæmdir, sem vegamálastjóri hefur gert tillögu um til félagsmálaráðuneytisins og ekki hafa verið greiddar um áramót 1967—1968, verði ekki minni en 10 m. kr. Í þessari tölu er þó ekki gert ráð fyrir nýjum og aðkallandi vatnsveituframkvæmdum, sem ætla má, að sótt verði um styrk til úr ríkissjóði.

Liðirnir til vatnsveitu í Staðarsveit, til borunar eftir neyzzluvatni á Eyrarbakka, til vatnsveitu vegna Borga í Hornafirði, til vatnsöflunar fyrir Kelduhverfi og til vatnsöflunar vegna vatnsveitu í Melasveit falla niður.

Framlag til *aðstoðar ríkisins við landakaup kaupstaða og kaupúna* er ráðgert 3 m. kr. í samræmi við gildandi lög þar um.

Styrkur til Sambands íslenskra sveitarfélaga, kr. 150 þús., fellur niður, enda hefur sambandinu verið séð fyrir tekjum til starfsemi sinnar á annan hátt.

#### II. Húsnæðismál:

Framlag til byggingasjóðs verkamanna hækkar úr 6.4 m. kr. í 9 m. kr., en liðurinn húsaleiguetirlit fellur niður.

Framlag til húsnæðismála, samkv. 4 gr. laga nr. 19/1965, er óbreytt frá fjárlögum ársins 1966, 40 m. kr.

### III. Vinnumál:

Liðurinn gefur ekki ástæðu til sérstakra athugasemda að öðru leyti en því, að framlag til starfsþjálfunarstöðvar á vegum I.L.O. í Torino, 315 þús. kr., fellur niður. Sömuleiðis fellur niður framlag til Atvinnubótasjóðs, 15 m. kr., en í staðinn er tekin upp tillaga um framlag til Atvinnuöfnunarsjóðs, samkv. nýsettum lögum þar um. Sú fjárveiting er færð á eignahreyfingalið fjárlaganna.

### IV. Almennatryggingar:

Framlög til almennatrygginga eru samtals áætluð 868.1 m. kr. Áætlunin miðast við bótagreiðslur, eins og þær eru nú, 15.25% vísitöluuppbót á grunnkaup og daggjald á Landspítala sé hækkað frá kr. 400 í kr. 500 frá 1. janúar 1967 að telja. Hluti hækkunarinnar, sem hér er gert ráð fyrir, stafar af 5% hækkun, sem ákveðin var samkvæmt lögum um almennatryggingar á bótum, öðrum en fjölskyldubótum, frá 1. júlí 1966 að telja.

### V. Önnur félagsmál:

Ríkisframsærsla sjúkra manna og örkumla er áætluð á árinu 1967 132 290 þús. kr., sem er nálægt 26 m. kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum ársins 1966. Ástæðan til hækkunarinnar er hækkun á daggjöldum Landspítalans úr 400 kr. í 500 kr. og samsvarandi til annarra spítala.

Önnur ríkisframsærsla en ríkisframsærsla sjúkra manna og örkumla er áætluð 5.5 m. kr., en þar af er meginhlutinn 4.8 m. kr. greiðsla með börnum erlendra manna, samkvæmt ákvæði í framsærslulögum. Samkvæmt upplýsingum félagsmálaráðuneytisins hafa margvislegar tilraunir verið gerðar til að innheimta þessar greiðslur frá feðrum þeirra barna, sem hér um ræðir. Hefur reynzt mjög óhægt um vik að ná til þeirra, ekki sízt í Bandaríkjunum, en á Norðurlöndum mun von til þess, að nokkurt fé innheimtist.

Framlög ríkissjóðs samkv. 17. gr. V. 3--22 þarfnast almennt ekki skýringa. Í flestum tilvikum eru teknar inn sömu fjárveitingar og gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 1966. Þó er gert ráð fyrir hækkun á framlagi til Dýraverndunarfélags Íslands og til Bandalags íslenzkra skáta vegna rekstrar svonefnds Stílskóla.

Þá eru þau framlög, sem verið hafa í fjárlögum til hjálparsveita skáta í Hafnarfirði, Reykjavík og Ísafirði, felld niður, en í staðinn er tekin upp ein fjárveiting, kr. 300 þús. til Bandalags íslenzkra skáta vegna hjálparsveita. Er hér um að ræða 150 þús. kr. hækkun frá fyrri fjárveitingum til hjálparsveita skáta. Fjárveitingarnar eru aðallega ætlaðar til tækjakaupa.

Loks er tekin upp ný fjárveiting, 250 þús. kr., sem er fyrri greiðsla framlags til norræns byggingarmáladags, sem ætlunin er að halda hér á landi á árinu 1968.

### Um 18. gr.

Liðirnir I. og II. þarfnast ekki skýringa.

III. Framlög til lífeyrissjóða ríkisstarfsmanna eru samtals áætluð 42 m. kr., en voru rúmlega 41 m. kr. í fjárlögum ársins 1966. Skýringin á því, að hækkunin er ekki meiri en hér er gert ráð fyrir, er sú, að um árabíl hefur ríkissjóður greitt mótfamlag á móti lífeyrissjóðsgjöldum starfsmanna fyrir nokkrar ríkisstofnanir, sem hafa sjálfstæðan fjárhag og ætlast er til að hafi eigin tekjur til að mæta útgjöldum. Munar í þessu efni mest um starfsfólk pósts og síma, en auk þess á þetta við um Rafmagnsveitur ríkisins, Innkaupastofnun ríkisins og Landssmiðjuna.

### Um 19. gr.

Fjárveiting til niðurgreiðslu á vöruverði er áætluð 478 m. kr. Er þá miðað við óbreyttar niðurgreiðslur frá því sem var 1. sept. 1966.

Fjárveiting til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir er áætluð 248 m. kr. Þessar uppbætur eru lögbundnar og áætlaðar með 10% álagi á þau útgjöld, sem nú er talið sennilegt að verði niðurstaðan af árinu 1966.

Útgjöld skv. 22. og 24. grein, launaskattur og fyrningar eru áætluð óbreytt frá fjárlögum ársins 1966, en kostnaður við kjarasamninga er áætlaður 1 m. kr.

Gert er ráð fyrir fjárveitingu 108 m. kr. til að mæta hækkuðum útgjöldum vegna launahækkana og fleiri útgjalda, sem breytast með kaupgjaldsvísitölu.

Til óvissra útgjalda eru áætlaðar 20 m. kr. í stað 19 m. kr. á fyrra ári.

#### Um 20. gr.

20. gr. Inn. Þarfnast ekki skýringa.

20. gr. Út. *Afborganir lána ríkissjóðs* eru á árinu 1967 áætlaðar 16.2 m. kr., sem er rúmum 3 m. kr. meira en á árinu 1966. Visast um sundurliðun á þessum afborgunum til yfirlits, sem fylgir greinargerð með 7. gr. frumvarpsins. Í hækkun afborgana munar mestu um afborgun af láni vegna kaupa á lóðum í Kirkjustræti, vestan Alþingishúss, og afborgun af láni vegna kaupa á emhættisbústað fyrir sýslumanninn í Hafnarfirði, samtals um 3 m. kr.

Framlög til Ríkisábyrgðasjóðs, til byggingar stjórnarráðshúss, til bygginga á jörðum ríkisins og til ræktunar á jörðum ríkisins, standa óbreytt frá fjárlögum ársins 1966.

Fjárveitingar samkvæmt 20. gr. Út VI., til bygginga fyrir ríkisspítalana, hækka samtals um 9 140 þús. kr. Liðurinn til endurbóta á heilsuhelinu Kristnesi fellur niður, en framlög til viðbyggingar Landspítalans, eldhúss fyrir Landspítalann, þvottahúss fyrir ríkisspítalana og viðbyggingar við fæðingardeild Landspítalans hækka samtals um 10 m. kr.

Ráðgerð er óbreytt fjárveiting, 2.4 m. kr., til byggingar nýrra vita- varðabústaða, en fjárveiting til flugvallagerðar og flugöryggistækja hækkar um 4 m. kr. í 18 580 þús. kr.

Fjárveiting til byggingar Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands lækkar úr 3.2 m. kr. í 1.5 m. kr., þar eð greiðslu byggingarkostnaðar Raunvísindastofnunar er að ljúka. Þess er að gæta á hinn bóginn, að rekstrarútgjöld vegna Raunvísindastofnunar hækka ríflega að sama skapi, samanber 14. gr. A.

Til bygginga á skólum ríkisins, öðrum en héraðsskólum, eru áætlaðar samtals fjárveitingar, sem nema 37.5 m. kr. Fjárveiting ársins 1966 var 30.8 m. kr. Nokkur tilfærsla á sér stað milli skóla, og munar þar mestu, að einungis 340 þús. kr. eru veittar til hjúkrunarskóla í stað 5.6 m. kr. á síðasta ári, enda er þá einungis miðað við þörf fyrir kaup á húsgögnum fyrir þann skóla. Gert er ráð fyrir fjárveitingum, sem nema 6 m. kr. til hvers menntaskólanna, á Akureyri, við Hamrahlíð í Reykjavík og að Laugarvatni. Þá er gert ráð fyrir 5 m. kr. fjárveitingu til byggingar æfingaskóla við Kennaraskólann í Reykjavík. Sú bygging verður reist í samvinnu við Reykjavíkurborg, eins og lög kveða á um barnaskóla. Til byggingar Sjómannaskólans og byggingar Garðyrkjuskólans á Reykjum er varið sömu fjárhæðum og síðasta ár, 640 þús. kr. til Sjómannaskólans og 2 m. kr. til Garðyrkjuskólans. Á hinn bóginn er tekin upp ný fjárveiting, 800 þús. kr., til bygginga að Hólum, enda er ætlunin að hefja þar byggingu starfsmannahúss, sem er mjög aðkallandi, þar eð aðsókn að skólanum hefur aukizt svo, að húsnæði, sem starfsfólk hefur áður notað, verður að taka undir íbúðir fyrir nemendur. Aðrar fjárveitingar á þessum lið standa óbreyttar frá fyrra ári, að frátöldum framlögum til byggingar menntaskóla á Ísafirði og menntaskóla á Austurlandi, sem hækka í 1 500 þús. kr. til hvors skóla úr 800 þús. kr.

Þær tölur, sem teknar eru inn í 20. gr. til byggingar ríkisskólanna, gefa ófullnægjandi mynd af ráðgerðri heildarfjárfestingu við þessa skóla, þar eð

lántökur, sem tíðkaðar hafa verið til þessara bygginga á undanförunum árum, eru ekki teknar þar með. Þessar lántökur til menntaskólanna, Kennaraskólans og Hjúkrunarskólans eru á árinu 1966 14.8 m. kr.

Fjárveitingar til *bygginga á prestssetrum*, til greiðslu heimtaugargjalda og til útihúsa á prestssetrum og til byggingar embættisbústaða héraðsdómara standa sem næst óbreyttar frá fjárlögum ársins 1966, en framlag til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík hækkar úr 2.4 m. kr. í 3.5 m. kr. Fjárveiting til byggingar lögreglustöðvar á Akureyri hækkar úr 400 þús. kr. í 600 þús. kr., og er þar með þess að vænta að lokið sé greiðslu hlutdeildar ríkissjóðs í þeirri byggingu.

Fjárveiting til *byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla* er ráðgerð 2 m. kr., sem er 400 þús. kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum ársins 1966.

Fjárveiting til *kaupa á Skaftafelli í Óræfum* hækkar um 300 þús. kr., í 360 þús. kr. Hér er um að ræða náttúruverndaraðgerð á vegum Náttúruverndarráðs í samvinnu við World Wildlife Fund, sem leggur fram verulega fjárhæð til kaupanna.

Fjárveiting til Verkfæranefndar ríkisins til byggingar, 300 þús. kr., stendur óbreytt, en verður fjárveiting til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins vegna byggingar á Hvanneyri.

Greiðsla afborgana og vaxta af láni til kaupa á varðskipinu Óðni lækkar í 3 450 þús. kr. úr 5 100 þús. kr., enda er þetta lokagreiðsla.

Fjárveiting til endurbóta á starfsmannahúsi að Bessastöðum fellur niður og sömuleiðis fjárveiting til endurbyggingar á Borg á Mýrum og til afborgana af kaupverði íbúðarhúss að Hesti.

Fjárveiting til *byggingar prestsseturs í Odda* hækkar úr 240 þús. kr. í 800 þús. kr., enda er vonast til, að húsinu verði lokið fyrir þá fjárhæð.

Fjárveiting til greiðslu *afborgana og vaxta af láni til byggingar vitaskips* lækkar úr 2 m. kr. í 900 þús. kr., enda er það lokagreiðsla af láninu.

Fjárveiting til *byggingar laxeldisstöðvar í Kollafirði* hækkar um 2.4 m. kr. í 6 240 þús. kr. Þessi hækkun var samþykkt sem umframfjárveiting á árinu 1966 og svarar til greiðslu afborgana og vaxta af lánnum, sem tekin höfðu verið til byggingar eldisstöðvarinnar. Að öðru leyti er ráðgert að nota þessa fjárveitingu til byggingar nýs eldishúss fyrir stöðina samkvæmt tillögum stjórnar stöðvarinnar og ráðleggingum sænskra sérfræðinga um laxeldi.

Fjárveiting til viðbyggingar við sendiherrabústað í Kaupmannahöfn fellur niður, þar eð ráðgert er að fresta viðbyggingunni um eitt ár. Sömuleiðis fellur niður fjárveiting til byggingar jarðskjálftastöðvar á Akureyri.

Að öðru leyti standa fjárveitingar ársins 1966 óbreyttar.

Um þessar fjárveitingar til framkvæmda, sem hér hafa verið taldar, á það almennt við, að fjöldi framkvæmdanna, sem ráðizt hefur verið í, hefur verið meiri en svo, að fært hafi þótt að veita fé til þeirra þannig, að framkvæmdunum yrði lokið á hæfilegum tíma. Fjárveitingarnar miðast þannig að jafnaði við fjárveitingu síðasta árs, en ekki við það, hversu mikið fé þarf til að ljúka þeim byggingum, sem unnið er að eða nýtanlegum áföngum þeirra. Hefur ekki þótt fært í þessu fjárlagafrumvarpi að gera átak í þá átt að koma þessum málum í viðunanlegra horf, enda er undirbúningur opinberra framkvæmda nú í sérstakri athugun og stefnubreyting því ekki tímabær fyrr en að henni lokinni.

Gert er ráð fyrir fjárveitingum til *nýrra framkvæmda* eða fjárfestingar í nokkrum greinum.

Ráðgerð er fjárveiting, 1 076 þús. kr., til byggingar háloftastöðvar á Keflavíkurflugvelli í samvinnu Veðurstofu Íslands og varnarliðsins.

Veittar eru 1 734 þús. kr. til aukningar hlutafjár í Flugfélagi Íslands, og er það fyrsta greiðsla af þremur.

Upp er tekið framlag til Atvinnujöfnunarsjóðs, 15 m. kr., flutt af 17. gr. fjárlaga.

Veittar eru 300 þús. kr. til undirbúnings byggingar fyrir starfsemi Veðurstofu Íslands.

Loks eru veittar 5 m. kr. til lánasjóðs sveitarfélaga skv. nýsettum lögum um sjóðinn.



Starfsmannaskrá ríkisins í frumvarpi til fjárlaga 1967.

Fjárł.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
3.	<b>Póstur og sími:</b>			
	Póst- og símamálastjóri .....	1	28.	
		1		kr. 326 636

**Rekstrardeild:**

Forstjóri .....	1	26.	
Póstmálafulltrúi .....	1	22.	
Aðalgjaldkeri .....	1	22.	
Aðalbókari .....	1	23.	
Fulltrúi .....	1	21.	
Birgðastjóri .....	1	18.	
Innheimtugjaldkeri .....	1	18.	
Deildarstjórar .....	2	18.	
Fulltrúar II .....	7	17.	
Fulltrúar III .....	6	14.	
Gjaldkerar I .....	3	14.	
Gjaldkerar II .....	3	12.	
Fulltrúi IV .....	1	12.	
Bókarar I .....	10	11.	
Bókari II .....	1	8.	
Húsvörður .....	1	8.	
	41		kr. 6 751 873

**Deildir utan Reykjavíkur.**

Sjá bis. 117.

**Hagdeild:**

Forstjóri .....	1	26.	
Aðalendurskoðandi .....	1	23.	
Yfirmaður skýrslugerða .....	1	22.	
Fulltrúi I .....	1	21.	
Yfirmaður starfsmannadeildar ....	1	21.	
Fulltrúar II .....	3	17.	
Fulltrúar III .....	4	14.	
Fulltrúi IV .....	1	12.	
Póstafgreiðslumaður .....	1	12.	
Bókarar I .....	7	11.	
Ritari I .....	1	10.	
	22		kr. 3 751 005

**Radiotæknideild:**

Forstjóri .....	1	26.
Yfirverkfræðingur .....	1	25.

Fjárł.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
3.	Deildarverkfræðingur .....	2	24.	
	Stöðvarstjóri í Gufunesi .....	1	21.	
	Deildartæknifræðingur .....	1	20.	
	Yfirdeildarstjóri .....	1	19.	
	Umsjónarm. útvarpsstöðva .....	1	19.	
	Símatæknifræðingar .....	2	19.	
	Fulltrúar II .....	4	17.	
	Radioeftirlitsmaður .....	1	17.	
	Stöðvarstj. á Rjúpnahæð .....	1	17.	
	Stöðvarstj. loftsk. og útv. á Vatnse.	2	16.	
	Yfirsímaverkstjórar .....	8	16.	
	Stöðvarstj. á Vatnsenda .....	1	15.	
	Vélstjóri á Vatnsenda .....	1	15.	
	Eftirlitsmenn símr. ....	5	15.	
	Undirverkstj. símv. ....	5	15.	
	Símvirkjameistarar .....	15	14.	
	Fulltrúi III .....	1	14.	
	Stöðvarstjórar í Skjaldarvík, Eiðum og Höfn .....	3	14.	
	Umsjónarmenn .....	2	14.	
	Símaverkstjóri .....	1	14.	
	Umsjónarm. í Gufunesi .....	5	14.	
	Yfirsímritarar .....	28	13.	
	Símvirkjar .....	9	12.	
	Símritarar .....	11	12.	
	Iðnaðarmenn sj.st. ....	4	12.	
	Loftskeytamenn .....	5	11.	
	Bókari .....	1	11.	
	Stöðvarverðir .....	3	11.	
	Símsmiður .....	1	10.	
	Iðnaðarmenn .....	5	10.	
	Fjarritarar .....	3	9.	
	Línumaður .....	1	8.	
		<b>136</b>		<b>kr. 21 332 140</b>

**Loranstöðin á Sandi:**

Stöðvarstjóri .....	1	18.
Fulltrúi .....	1	17.
Yfirumsjónarmaður .....	1	15.
Undirverkstjórar símvirkja .....	4	15.
Símvirkjameistarar .....	9	14.
Umsjónarmaður .....	1	13.
Símvirki .....	1	12.
Vélaviðgerðarmenn .....	3	10.
	<b>21</b>	<b>kr. 3 231 705</b>

**Loranstöðin í Vík:**

Stöðvarstjóri .....	1	17.
Símvirkjameistarar .....	2	14.

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
3.	Loftskeytamenn .....	2	11.	
	Vélaviðgerðarmenn .....	1	10.	
	Tækjagæzlumenn .....	4	7	
		10		kr. 1 392 090

**Símatæknideild:**

Forstjóri .....	1	26.
Yfirverkfræðingar .....	2	25.
Verkfræðingur .....	1	22.
Birgðastjóri .....	1	19.
Tæknifræðingur .....	1	19.
Umsjónarm. línum. ....	1	19.
Umsjónarm. sjálfvirkra stöðva ...	1	19.
Fulltrúar .....	6	17.
Yfirsímvirkjaverkstjórar .....	5	16.
Umsjónarm. m. línufr. og bifv. ....	1	16.
Byggingaeftirlitsmaður .....	1	16.
Yfirumsjónarmenn .....	2	15.
Fulltrúi III .....	1	14.
Verkstjóri iðnaðarmanna .....	1	14.
Símaverkstjórar .....	14	14.
Símvirkjameistarar .....	6	14.
Bifreiðaumsjónarmaður .....	1	13.
Yfirteiknari .....	1	13.
Aðstoðarverkstjórar .....	2	13.
Yfirsímritari .....	1	13.
Umsjónarm. með bifreiðavaraahl. ..	1	12.
Verkstjórar I .....	2	12.
Iðnaðarmenn sj.st. ....	2	12.
Símvirkjar .....	6	12.
Símaflokksstjórar .....	4	11.
Bókari I .....	1	11.
Birgðavörður með sérþekkingu ...	1	11.
Loftskeytamenn .....	4	11.
Teiknari I .....	1	10.
Iðnaðarmenn .....	2	10.
Símsmiðir .....	11	10.
Verkstjóri .....	1	9.
Línnumenn .....	10	8.
Bílstjórar I .....	3	8.
Bókari II .....	1	8.
Afgreiðslumaður .....	1	5.
	101	kr. 15 314 289

**Rítsíminn:**

Rítsímastjóri .....	1	23.
Fulltrúar II .....	3	17.
Yfirumsjónarmaður .....	1	16.
Umsjónarmaður símrit. ....	2	15.

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launaf.	Laun
3.	Varðstjóri v. útl. ....	2	14.	
	Umsjónarmenn .....	2	14.	
	Yfirsímritarar .....	9	13.	
	Fulltrúi IV .....	1	12.	
	Yfirvarðstjórar .....	2	12.	
	Símritari .....	1	12.	
	Bókarar I .....	4	11.	
	Naturvörður .....	1	10.	
	Varðstjórar .....	2	9.	
	Gjaldkerar III .....	2	9.	
	Skeytaskrásetjarar .....	2	9.	
	Fjarritarar .....	9	9.	
	Talsímak. útl. ....	9	9.	
	Eftirlitskonur .....	2	8.	
	Yfirsendingmenn .....	2	8.	
	Sendimenn .....	8	7.	
	Talsímakonur .....	48	7.	
		113		kr. 14 623 973

**Bæjarsíminn í Reykjavík:**

Bæjarsímstjóri .....	1	24.	
Verkfræðingur .....	1	22.	
Skrifstofustjóri .....	1	21.	
Yfirdeildarstjóri .....	1	19.	
Umsjónarmaður sj.v.st. ....	1	19.	
Tæknifræðingur .....	1	19.	
Fulltrúar II .....	4	17.	
Yfirsímverkjaverkstjórar .....	6	16.	
Undirverkstjórar símverkjja .....	2	15.	
Fulltrúar III .....	5	14.	
Símverkjameistarar .....	11	14.	
Símaverkstjórar .....	6	14.	
Fulltrúar IV .....	3	12.	
Símverkjjar .....	5	12.	
Iðnaðarmenn .....	2	12.	
Línuflokksstjórar .....	4	11.	
Bókarar I .....	6	11.	
Teiknarar I .....	2	10.	
Naturverðir .....	2	10.	
Birgðavörður .....	1	10.	
Símsmiðir .....	18	10.	
Bókarar II .....	3	8.	
Línumenn .....	2	8.	
Talsímakonur .....	16	7.	
		104	kr. 15 127 809

**Póststofan í Reykjavík:**

Póstmeistari .....	1	23.
Skrifstofustjóri .....	1	21.
Deildarstjórar .....	2	18

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
3.	Fulltrúar II .....	2	17.	
	Póstvarðstjórar .....	8	16.	
	Fulltrúar III .....	18	14.	
	Gjaldkerar I .....	2	14.	
	Fulltrúar IV .....	2	12.	
	Póstafgreiðslumenn I .....	42	12.	
	Póstbilstjórar .....	3	12.	
	Iðnaðarmaður .....	1	12.	
	Póstaðstoðarmenn .....	8	10.	
	Póstafgreiðslumenn II .....	3	8.	
	Hraðboðabréfberi .....	1	8.	
	Yfirbréfberar .....	7	8.	
	Bréfberar I .....	19	7.	
		120		kr. 17 218 455
<b>Rekstrardeild frh.:</b>				
<b>Deildir utan Reykjavíkur:</b>				
<b>Hafnarfjörður:</b>				
	Stöðvarstjóri .....	1	19.	
	Bókari .....	1	8.	
	Talsímakonur .....	3	7.	
	Yfirumsjónarmaður .....	1	15.	
	Póstafgreiðslumenn .....	2	12.	
	Bréfberar (2 + 1) .....	3	7., 8.	
		11		kr. 1 502 858
<b>Akureyri:</b>				
<b>Sími:</b>				
	Umdæmisstjóri .....	1	21.	
	Fulltrúi II .....	1	17.	
	Umsjónarmaður .....	1	14.	
	Yfirsímvirkjaverkstjóri .....	1	16.	
	Símvirki .....	1	12.	
	Loftskeytamaður .....	1	11.	
	Næturvörður .....	1	10.	
	Varðstjórar .....	2	9.	
	Ritarar I .....	3	10.	
	Talsímakonur .....	19	7.	
		31		kr. 3 887 105
<b>Póstur:</b>				
	Póstmeistari .....	1	21.	
	Yfirumsjónarmaður .....	1	15.	
	Fulltrúar III .....	2	14.	
	Póstafgreiðslumenn .....	3	12.	
	Bréfberar .....	2	7., 8.	
		9		kr. 1 287 716

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafll.	Laun
3.	<b>Brú:</b>			
	Umdæmisstjóri .....	1	21.	
	Umsjónarmaður .....	1	14.	
	Yfirsímritari .....	1	13.	
	Póstaðstoðarmaður .....	1	10.	
	Talsímakonur .....	4	7.	
		8		kr. 1 105 646
	<b>Ísafjörður:</b>			
	Umdæmisstjóri .....	1	21.	
	Umsjónarmaður .....	1	14.	
	Yfirsímritari .....	1	13.	
	Næturvörður .....	1	10.	
	Símaflokksstjóri .....	1	11.	
	Ritari .....	1	10.	
	Talsímakonur .....	11	7.	
	Yfirumsjónarmaður .....	1	15.	
	Póstafgreiðslumenn .....	2	12.	
	Bréfberi .....	1	7.	
		21		kr. 2 696 913
	<b>Seyðisfjörður:</b>			
	Umdæmisstjóri .....	1	21.	
	Umsjónarmenn .....	2	14.	
	Símritarar .....	2	13.	
	Bókari .....	1	8.	
	Talsímakonur .....	4	7.	
	Póstafgreiðslumaður .....	1	12.	
		11		kr. 1 497 618
	<b>Siglufjörður:</b>			
	Umdæmisstjóri .....	1	21.	
	Fulltrúi .....	1	14.	
	Umsjónarmaður .....	1	14.	
	Yfirsímritari .....	1	13.	
	Símaverkstjóri .....	1	14.	
	Næturvörður .....	1	10.	
	Talsímakonur .....	10	7.	
	Yfirumsjónarmaður .....	1	15.	
	Póstafgreiðslumenn .....	2	12.	
	Bréfberi .....	1	7.	
		20		kr. 2 701 982
	<b>Vestmannaeyjar:</b>			
	Stöðvarstjóri .....	1	21.	
	Umsjónarmaður .....	1	14.	

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
3.	Yfirsímaverkstjóri .....	1	16.	
	Yfirsímritari .....	1	13.	
	Næturvörður .....	1	10.	
	Talsímakonur .....	6	7.	
	Símvirtjameistari .....	1	14.	
	Yfirumsjónarmaður .....	1	15.	
	Póstafgreiðslumenn .....	2	12.	
	Bréfberar .....	2	7.	
		17		kr. 2 354 089

**I. fl. B-stöðvar:**

Stöðvarstjórar .....	3	18.
Stöðvarstjórar .....	8	16.
Stöðvarstjórar .....	9	15.
Stöðvarstjórar .....	11	14.
Stöðvarstjórar .....	11	13.
Stöðvarstjórar .....	8	12.
Fulltrúar .....	2	14.
Símritarar .....	2	12.
Póstafgreiðslumenn .....	8	12.
Póstafgreiðslumenn .....	13	8.
Bókarar .....	5	11.
Póstaðstoðarmenn .....	10	10.
Næturveiðir .....	2	10.
Yfirbréffberi .....	1	8.
Bréfberar .....	6	7.
Aðstoðarmaður .....	1	7.
Talsímakonur .....	143	7.
	243	kr. 30 058 662

Laun samtals kr. 146 162 573.00. Af launum við radioflugþjónustu og loranstöðvar er áætlað að I.C.A.O. endurgreiði kr. 14 580 154.00. Netto-laun kr. 131 582 419.00.

Starfsmenn samtals 797 + B-stöðvar 243 = 1040.

**Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins:**

**Skrifstofan:**

Forstjóri .....	1	26.
Skrifstofustjóri .....	1	23.
Fulltrúi .....	1	20.
Lyfsölustjóri .....	1	U.
Aðalgjaldkeri .....	1	19.
Aðalbókarar .....	2	20.
Fulltrúar .....	2	14.
Gjaldkeri .....	1	12.
Fulltrúar .....	6	12.
Bréfritari .....	1	12.
Bókarar .....	7	11.

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
3.	Afgreiðslumaður .....	1	10.	
	Bókarar .....	2	8.	
	Innheimtumaður .....	1	8.	
	Símastúlka .....	1	7.	
		29		kr. 4 578 670

**Ríkisútvarpið:**

**Yfirstjórn:**

Útvarpsstjóri .....	1	27.
Formaður útvarpsráðs .....	1	U.
Útvarpsráð .....	6	U.

**Aðalskrifstofa:**

Framkvst. fjármáladeildar .....	1	25.
Aðalgjaldkeri .....	1	17.
Fulltrúi .....	1	14.
Skjalavörður .....	1	11.
Símavarzla (hl. l.) .....	2	7.
Sendisveinar .....	2	U.
Aðstoðargjaldkeri .....	1	10.

**Innheimtuskrifstofa:**

Innheimtustjóri .....	1	22.
Fulltrúi .....	1	12.
Bókarar .....	3	8.
Ritarar .....	3	7.
Gjaldkeri .....	1	14.

**Auglýsingaskrifstofa:**

Auglýsingastjóri .....	1	17.
Ritarar .....	3	10.
Innheimtumenn .....	2	6.

**Fréttastofa:**

Fréttastjóri .....	1	23.
Fréttam. og fulltrúar (5+1+1+1)	8	16., 17., 18., 20.

**Skrifstofa dagskrár:**

Framkvstj. hljóðvarps .....	1	25.
Dagskrárstjóri .....	1	23.
Fulltrúar (1+2) .....	3	16., 19.
Leiklistarstjóri .....	1	22.
Bókari .....	1	8.
Dagskrármenn .....	2	16.
Ráðunautur .....	1	U.
Gjaldkeri .....	1	12.

**Tónlistardeild:**

Tónlistarstjóri .....	1	22.
Fulltrúar (1 + 3) .....	4	12., 19.
Dagskrármenn .....	3	16.
Hljómplötuvörður .....	1	11.



Fjárł.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
3.	Ritari .....	1	8.	
	Bókari .....	1	11.	
	Aðstoðarmaður .....	1	5.	
	Tónlistarmaður .....	1	U.	
	<b>Þulir:</b>			
	Þulir .....	4	16.	
	<b>Útvarps- og magnarasalir:</b>			
	Forstöðumenn .....	2	17., 19.	
	Magnaraverðir .....	8	12.	
	<b>Aðrir starfsmenn:</b>			
	Afgreiðslukonur .....	2	U.	
	Dyraverðir .....	2	6.	
	Umsjónarmaður .....	1	8.	
	Ráðunautar .....		U.	
	Birgðavörður .....	1	10.	
		85		kr. 12 739 039
	<b>Viðtækjaverzlun ríkisins:</b>			
	Forstjóri .....	1	23.	
	Skrifstofustjóri .....	1	20.	
	Fulltrúar .....	2	12., 14.	
	Bókari .....	1	8.	
	Útvarpsvirki .....	1	12.	
	Bifreiðastjóri .....	1	U.	
	Ritari .....	1	10.	
		8		kr. 1 310 700
	<b>Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:</b>			
	Forstjóri .....	1	25.	
	Skrifstofustjóri .....	1	23.	
	Bókari .....	1	11.	
	Ritari .....	1	7.	
	Birgðavörður .....	1	10.	
	Afgreiðslumaður .....	1	U.	
	Sendisveinn .....	1	U.	
		7		kr. 1 071 073
	<b>Landssmiðjan:</b>			
	Forstjóri .....	1	26.	
	Skrifstofustjóri .....	1	23.	
	Aðalgjaldkeri og aðalbókari .....	2	19., 20.	
	Fulltrúar III .....	2	14.	
	Skjalavörður .....	1	11.	
	Bókarar .....	2	11.	

Fj.árl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
3.	Ritari .....	1	10.	
	Innheimtumaður .....	1	6.	
	Símastúlka .....	1	5.	
	Sendisveinn .....	1	U.	
		13		kr. 2 068 390

**Innkaupastofnun ríkisins:**

Forstjóri .....	1	26.	
Skrifstofustjóri .....	1	23.	
Deildarstjóri .....	1	23.	
Gjaldkerar (2+1) .....	3	12., 19.	
Fulltrúar (1+4+2) .....	7	12., 14., 17.	
Ritarar .....	2	10.	
Afgreiðslumaður .....	1	12.	
Sendill .....	1	5.	
	17		kr. 2 804 571

**10. I. 2. Stjórnarráðið:**

**Atvinnumálaráðuneytið:**

Ráðuneytisstjóri .....	1	28.	
Deildarstjórar .....	2	24.	
Fulltrúar (1 + 2½) .....	3,5	20., 21.	
Bókari .....	1	11.	
Ritari .....	1	7.	
	8,5		kr. 1 863 292

**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið:**

Ráðuneytisstjóri .....	1	28.	
Deildarstjórar .....	2	24.	
Fulltrúar .....	4	21.	
Ritari .....	1	7.	
Bókarar .....	2	11.	
	10		kr. 2 118 331

**Félagsmálaráðuneytið:**

Ráðuneytisstjóri .....	1	28.	
Deildarstjórar .....	2	24.	
Fulltrúar (1 + 2) .....	3	20., 21.	
Bókari .....	1	11.	
Ritarar .....	2	7., 10.	
	9		kr. 1 876 347

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
<b>10. I. 2.</b>	<b>Fjármálaráðuneytið:</b>			
	Ráðuneytisstjórar .....	2	28.	
	Deildarstjórar .....	2	24.	
	Fulltrúar ( $\frac{1}{2} + 1 + 2\frac{1}{2}$ ) .....	4	17., 20., 21.	
	Bókari ( $\frac{1}{2} + \frac{1}{2}$ ) .....	1	11.	
	Ritari .....	1	10.	
	Skjalavörður .....	1	11.	
		<b>11</b>		<b>kr. 2 412 513</b>

**Ríkisendurskoðun:**

Ríkisendurskoðandi .....	1	28.	
Endurskoðandi .....	1	21.	
Deildarstjórar .....	4	24.	
Fulltrúar (5+5) .....	10	17., 20.	
Bókarar (1+2 $\frac{1}{2}$ ) .....	3,5	8., 11.	
Ritarar .....	3,5	10.	
Aðstoðarmenn .....	3	U.	
	<b>26</b>		<b>kr. 5 005 022</b>

**Forsætis- og menntamálaráðuneytið:**

Ráðuneytisstjóri .....	1	28.	
Deildarstjórar .....	2	24.	
Fulltrúar (2 + 1) .....	3	20., 21.	
Bókarar .....	4	11.	
Sérfræðingur .....	1	22.	
	<b>11</b>		<b>kr. 2 232 427</b>

**Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið:**

Ráðuneytisstjóri .....	1	28.	
Deildarstjóri .....	1	24.	
Fulltrúar .....	1,5	21.	
Bókari .....	1	11.	
	<b>4,5</b>		<b>kr. 1 059 087</b>

**Utanríkisráðuneytið:**

Ráðuneytisstjóri .....	1	28.	
Sendiherra .....	1	28.	
Deildarstjórar .....	3	24.	
Viðskiptaráðunautur .....	0,5	28.	
Fulltrúar .....	2	21.	
Deildarstjóri (hl. launa) .....		24.	
Bókarar .....	4	11.	

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launaf.	Laun
10. I. 2.	Ritari .....	1	8.	
	Sendisveinn .....	1	U.	
		13,5		kr. 2 776 468

**Utanríkisráðuneytið, varnarmáladeild:**

Deildarstjóri .....	1	24.	
Fulltrúar (1 + 1 + 2) .....	4	17., 20., 21.	
Bókari .....	1	11.	
	6		kr. 1 250 823

**Viðskiptamálaráðuneytið:**

Ráðuneytisstjóri .....	1	28.	
Ráðunautar ( $\frac{1}{2} + \frac{1}{2}$ ) .....	1	28.	
Deildarstjórar .....	2	24.	
Fulltrúar (1+2) .....	3	17., 21.	
Bókari .....	1	11.	
Ritarar .....	2	10.	
	10		kr. 2 086 238

**Hagstofan og Þjóðskráin:**

Hagstofustjóri .....	1	28.	
Deildarstjórar .....	5	24.	
Fulltrúar (1+5+1+4) .....	11	12., 14., 17., 21.	
Umsjónarmenn .....	2	14.	
Bókari .....	1	11.	
Ritarar (1+2+1) .....	4	4., 7., 10.	
	24		kr. 4 285 669

**Aðrir starfsmenn:**

Húsverðir .....	2	U., 8.	
Símastúlkur (2 + 1) .....	3	7., 9.	
Bifreiðastjórar .....	6	10.	
Gæzlumaður .....	1	U.	
Ræstingakonur .....	4	U.	
Aukaaðstoð .....			
	16		kr. 2 035 686

**10. I. 3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:**

**Ríkisféhirzla:**

Ríkisféhirðir .....	1	24.	
Aðalféhirðir .....	1	17.	
Bókarar .....	2	8., 11.	
Fulltrúi .....	1	20.	
Skiptimyntarféhirðir .....	1	12.	

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
10. I. 3.	<b>Ríkisbókhald:</b>			
	Ríkisbókari .....	1	26.	
	Fulltrúar (1+1+4+2+2) .....	10	12., 14., 17., 20., 21.	
	Deildarstjórar .....	2	24.	
		19		kr. 3 742 725
11. A.	<b>Hæstiréttur:</b>			
	Dómforseti .....	1	U.	
	Dómarar .....	4	U.	
	Hæstaréttarritari .....	1	25.	
	Dómvörður .....	1	11.	
	Ritari .....	1	10.	
		8		kr. 2 381 508
	<b>Saksóknaraembættið:</b>			
	Saksóknari .....	1	U.	
	Fulltrúar .....	3	22.	
	Skrifstofustjóri .....	1	23.	
	Sakaskrárritarar .....	2	11., 14.	
	Ritarar .....	2	4., 7.	
	Aðalfulltrúi .....	1	26.	
	Bókari .....	1	11.	
		11		kr. 2 219 057
	<b>Borgardómaraembættið í Reykjavík:</b>			
	Yfirborgardómari .....	1	28.	
	Borgardómarar .....	6	26.	
	Fulltrúar .....	5,5	22.	
	Gjaldkeri .....	1	15.	
	Bókari .....	1	11.	
	Ritarar (3+2) .....	5	7., 10.	
		19,5		kr. 4 053 362
